


Synnøve Veinan Hellerud / Ketil Knutsen / Sigríð Moen

# STYRJALDIR OG KREPPA KENNSLULEIÐBEININGAR

Saga 20. aldar I



NÁMSGAGNASTOFNUN 2012

## **Styrjaldir og kreppa – kennsluleiðbeiningar**

© 2007 H. Aschehaug & Co (W. Nygaard). Heiti á frummálinu: Matriks 9 Historie. Samfundsfag for ungdomstrinnet

© 2011 íslensk þýðing og staðfæring: Birna Björnsdóttir

Ritstjóri íslensku útgáfunnar: Sigrún Sóley Jökulsdóttir

Útlit og umbrot: Námsgagnastofnun

Yfirlstur: Gunnar Karlsson, sagnfræðingur.

Harpa Hilmarsdóttir, grunnskólakennari.

1. útgáfa 2012

Námsgagnastofnun

Kópavogi

08987

## Ágæti kennari

Á þessum síðum er að finna kennsluleiðbeiningar, hugmyndir, verkefni og lausnir á verkefnum í tengslum við námsbókina *Styrjaldir og kreppa*. Þessar leiðbeiningar eru ekki tæmandi heldur er einungis varpað fram hugmyndum um það með hvaða hætti megi nálgast námsefnið og útfæra í kennslu. Hverjum kennara er í sjálfsvald sett hvernig hann notar þessar hugmyndir og verkefni.

## Hæfniviðmið

Þau hæfniviðmið sem liggja til grundvallar námsefninu byggja á að nemandinn:

- geti leitað að heimildum, valið úr þeim, metið þær gagnrýnið og sýnt hvernig ólíkar heimildir geta sagt söguna á ólíkan hátt
- finni dæmi um atburði sem hafa átt þátt í því að móta Ísland og umheiminn í nútímanum og hvernig samfélagið hefði getað þróast í aðra átt ef atburðarásin hefði verið önnur
- geti skapað frásögn um fólk í fortíðinni og þannig sýnt hvernig samfélagslegir rammar og gildi hafa áhrif á hugsanir og gerðir fólks
- getur séð hvernig sagan hefur mótast af samfélagsskipulagi, þjóðfélagsshreyfingum og hugmynda-  
stefnum, viljaverkum og tilviljunum

Í Aðalnámskrá grunnskóla (2011) eru set viðmið um mat á lykilhæfni í grunnskóla. Þau eru sett fram í fimm liðum sem eru sameiginlegir öllum námssviðum og eiga því einnig við hér:

- Hæfni nemenda til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega og á annan hátt. Hæfni til að miðla þekkingu og leikni sinni og flytja mál sitt skýrt og áheyrilega og taka þátt í samræðum og rökræðum.
- Skapandi hugsun og frumkvæði í efnistöfum og úrvinnslu. Hæfni nemenda til að nota þekkingu og leikni, draga ályktanir, áráðni til að leita nýrra lausna og beita gagnrýninni hugsun og röksemdafærslu.
- Hæfni til að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.
- Hæfni nemanda til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun og nýta upplýsingar á ábyrgan, skapandi og gagnrýninn hátt.
- Hæfni nemanda til að bera ábyrgð á eigin námi og leggja mat á eigin vinnubrögð og frammi-  
stöðu.

## Um námsefnið

Bókin *Styrjaldir og kreppa* spannar sögu fyrri hluta 20. aldar. Þar er sagt frá nokkrum mestu átökum sem mannkynssagan greinir frá. Kynntir eru einstaklingar og hugmyndir sem hafa sett svip á þróun sögunnar. Fjallað er rækilega um heimstyrjaldirnar tvær, um vöxt verkalyðshreyfingar, byltinguna í Rússlandi og þróun Sovétríkjanna, um velmegun, framfarir og lífsstíl á þriðja áratug aldarinnar, efnahagskreppu á hinum fjórða og valdatöku nasista í Þýskalandi.

Námsefnið leggur áherslu á að tengja efnið við daglegt líf nemandans og draga fram hliðstæður til samfélagsins í dag, fyrst og fremst með aðstoð verkefna en einnig mynda. Markmiðið er að nemendur velti fyrir sér að saga er ekki bara eitthvað sem gerðist í fortíðinni. Sagan er alltaf í kringum okkur og er hluti af því sem mótast samfélagið í dag.

Í bókinni er hverjum aðalkafla skipt í a- og b- hluta. Í a-hlutanum er farið yfir aðalefni kaflans. Efninu er komið á framfæri með stuttum textum og fjölda mynda og þannig reynt að koma til móts við sem flesta nemendur. Í b-hlutanum er farið dýpra í sama efni. Ætlast er til að allir nemendur lesi báða hlutana en þó verður að gera ráð fyrir að sumir komist aldrei lengra en í gegnum a-hlutann. En það kemur ekki að sök við áframhaldandi verkefnavinnu þar sem grunnatriði kaflans eru tekin fyrir í a- hlutanum. Í bæði a- og b- hluta er fjöldi verkefna og nauðsynlegt að velja sem fjölbreyttust verkefni fyrir nemendur og þannig reyna á mismunandi hæfni þeirra. Markmiðið með fjölbreyttum verkefnum í bók og kennsluleiðbeiningum er að þjálfa mismunandi hæfni nemenda út frá þeim hæfniviðmiðum sem unnið er með hverju sinni.

Góð kveikja áður en byrjað er að vinna með námsefnið er að láta nemendur gera eftirfarandi verkefni: Finndu fréttæfni sem hefur eitthvað með sögu að gera, annaðhvort í dagblaði, sjónvarpi eða á netinu. Það má gefa þeim nokkra daga til að vinna þetta verkefni og síðan kynna nemendur það sem þeir fundu hver fyrir öðrum. Á þennan hátt gera þeir sér grein fyrir að sagan tengist alltaf nútímanum á einhvern hátt.

Í þessum leiðbeiningum eru verkefni í námsbókinni útskýrð nánar ásamt ábendingum hvernig megi vinna þau. Einnig er fjöldi aukaverkefna og ábendinga til kennara. Mikilvægt er að kennarinn hafi sem mest val til að aðlaga efnið að getu og þörfum þess nemendahóps sem hann er með hverju sinni. Mörg verkefnanna reyna á samvinnu nemenda og er hópa- og paravinna stór hluti af kennslunni. Hér fylgja þrenns konar verkefnablöð sem notuð eru eftir þörfum við vinnu með námsefnið. Nánar er getið í leiðbeiningunum hvenær hentar að nota verkefnablöðin.

## **Vinna með sögulegar heimildir (verkefnablað 1)**

Í hverjum kafla í námsbókinni eru margar mismunandi sögulegar heimildir og verkefni sem fjalla um að lesa, túlka og meta þessar heimildir. Markmiðið er að nemendur þjálfist í að leita, vinna með og flokka heimildir. Þeir þurfa að meta þær á gagnrýninn hátt og sýna hvernig mismunandi heimildir geta gefið okkur ólíka sýn á söguna. Verkefnin eru aðgreind í ramma með fyrirsögninni: „Sérsvið”. Einnig eru nokkur stærri verkefni í bókinni sem fjalla um að vinna með heimildir og eru vel til þess fallin að þjálfva nemendur í þessari vinnu (bls. 11–13, 52 og 60).

### **Lesi og túlka heimildir**

Í mörgum heimildaverkefnum í námsefninu eiga nemendur að lesa og túlka heimildir. Hver er tilgangurinn með þessum verkefnum?

- Nemendur þjálfast í að lesa.
- Nemendur kynnst fjölda ólíkra tegunda heimilda.
- Heimildirnar sýna oft söguleg fyrirbæri og atburði á áhugaveðan hátt og lífga upp á framsetningu efnisins.
- Nemendur þjálfva skilning sinn á því hvernig mismunandi hugsanir og viðhorf geta haft áhrif á heimildina.

### **Meta heimildir á gagnrýninn hátt**

Nemendur eiga að meta heimildirnar á gagnrýninn hátt. Hvað þýðir það?

Hér er lögð áhersla á verkefni sem þjálfar nemendur í að:

- Meta hver er tilgangur með heimild, boðskapur og hvaða miðlar eru notaðir.
- Meta áreiðanleika heimildar út frá uppruna (Hver skrifaði þetta? Getum við treyst því sem hann/hún skrifar?) og út frá því hvort um er að ræða vottarheimild eða sagnarheimild.

Það er mjög gott að nota *verkefnablað 1* sem hjálpartæki til að greina og meta sögulegar heimildir. Nauðsynlegt er að aðstoða nemendur við að nota greiningarblaðið í fyrsta skipti en síðan geta þeir notað það eftir þörfum og þar sem við á.

### **Hugmyndakerfi (verkefnablað 2)**

Í námsefninu eru ákveðin hugmyndakerfi kynnt fyrir nemendum með hjálp tilbúinna persóna. Þetta eru þau Kata kommúnisti, Jóhann jafnaðarmaður, Friða frjálslynda og Níels nasisti. Þessar fjórar persónur túlka hugmyndakerfin með eigin orðum út frá ákveðnum spurningum. Spurningunum er stillt þannig upp að nemendur eigi auðvelt með að bera saman þessi ólíku hugmyndakerfi. Persónurnar eru dæmigerðar fyrir ungt fólk í dag til að sýna fram á að hugmyndakerfin eru ekki bundin við

ákveðinn tíma heldur geta haft ólíkar birtingarmyndir á ólíkum tíma og ólíkum stöðum. Markmiðið er að nemendur geti kynnt sér sögulega atburði út frá mismunandi hugmyndafræði. Einnig að þeir séu meðvitaðir um að sérhver framsetning af sögulegum atburðum er lituð af sjónarhorni þess sem ritar söguna.

Sérstakt verkefnablað fylgir hér í innganginum sem ætlað er að þjálfar nemendur í að setja sig inn í hvert hugmyndakerfi fyrir sig og ræða saman um þau. Í *verkefnablaði 2* er búið að setja inn ólíka sögulega atburði og eiga nemendur að sýna hve ánægð eða óánægð Kata kommúnisti og þau hin eru með mismunandi sögulega atburði. Æskilegt er að nemendur vinni verkefnið saman í hópum og ræði um efnið og þannig þurfa þau að nota það sem þau hafa lært um hugmyndakerfin. Það er því heppilegt að nota þetta verkefnablað eftir að þau hafa lært um öll hugmyndakerfin.

Auðvelt er að útbúa sambærilegt verkefnablað en setja inn aðra sögulega atburði á x-ásinn. Einnig má láta nemendur velja atburðina sjálfa og útbúa þannig sín eigin verkefni. Þá er líka hægt að dreifa til þeirra tilbúnum spjöldum með sögulegum atburðum sem þeir þurfa að raða í rétta tímaröð.

### **Að setja sig í spor annarra (verkefnablað 3)**

Markmiðið er að nemendur geti samið frásögn um persónu í fortíðinni og þannig sýnt fram á hvernig samfélagslegir rammar og gildi hafa áhrif á hugsanir og gjörðir persónunnar. Í námsefninu er fjöldi verkefna sem þjálfar þessa færni. Verkefnið byrja gjarnan með „hugsaðu þér að þú sért...“ til dæmis verkefni II bls. 14. „Hugsaðu þér að þú ert einn af þeim sem lifði af Titanic. [...] Skrifðu bréf til náins vinar og lýstu slysinu eins og þú upplifðir það.“

### **Hvernig á að vinna „Hugsaðu þér...“/að setja sig í spor annarra verkefni?**

Verkefnið krefjast þess að nemendur noti ímyndunaraflíð en samt ekki þannig að útkoman verði hrein fantasía. Þeir þurfa að fá ábendingar til að styðjast við það sem þeir þegar vita eða upplýsingar sem þeir geta fundið í námsbókinni eða öðrum heimildum. Til að aðstoða nemendur við þessa vinnu er gott að nota *verkefnablað 3* hér á eftir. Þar eru leiðbeiningar sem leiða nemendur í gegnum vinnuna og einnig leiðbeiningar hvernig þeir geta metið sín verkefni og annarra. Nauðsynlegt er að fara með nemendum í gegnum verkefnablaðið í fyrsta sinn en síðan geta þeir notað það eftir þörfum.

### **Kennsluhættir og námsmat**

Fjölbreyttar kennsluáðferðir eru grunnurinn til að ná fram þeim hæfniviðmiðum sem fengist er við í hvert sinn. Kennarinn þarf að leitast við að kynna sér mismunandi kennsluáðferðir og nota þær áðferðir sem henta best hverju sinni en þær geta verið breytilegar eftir nemendahóp, aldri og þroska nemenda.

Í kennsluleiðbeiningunum eru tillögur að kveikjum sem hægt er að taka með nemendum til að vekja áhuga og umræður um efni kaflans. Verkefnið sem fylgja námsefninu má vinna á fjölbreyttan hátt en við nám og kennslu í sögu er umræðan ekki eingöngu mikilvægur þáttur heldur nauðsynlegur, því með henni dýpkar bæði skilningur og upplifun einstaklingsins á efninu. Því er mælt til að nemendur fái ávallt tækifæri til að ræða um efnið og að þeir vinni síðan sem mest saman í litlum hópum eða þörum að lausn verkefna. Verkefnið eru samin með það í huga að þau dýpki skilning, auðveldi túlkun og veiti nemendum tækifæri til að taka gagnrýna afstöðu.

Umræðu- og spurnaraðferðir og samvinnunám hentar vel til að nálgast efni og ná þeim hæfniviðmiðum sem stefnt er að. Slíkar aðferðir hvetja til samræðna og skapa umræður um tiltekið viðfangsefni og þjálfar nemendur í lýðræðislegum vinnubrögðum. Samvinna elur af sér samkennd, samræður, tjáningu og dýpri skilning á viðfangsefninu ásamt því að auka skilning á viðhorfum og skoðunum annarra.

Leitaraðferðir þar sem nemendur kynnast vísindalegum vinnubrögðum og fá þjálfun í að afla upplýsinga og vinna úr þeim með skipulögðum hætti eru einnig mikilvægar. Slíkar aðferðir geta byggst á heimildavinnu, vettvangsferðum eða viðtölum þar sem nemendur læra að beita aðferðum munnlegrar

sögu við öflun heimilda og úrvinnslu. Verkefni í námsefninu þjálfa nemendur í þessum aðferðum.

Kennsla, nám og námsmat mynda eina heild. Námsmatið er hluti af náms- og kennsluferlinu og þarf að vera skipulagt í samræmi við hæfniviðmið og viðfangsefni. Matið þarf að vera sanngjarnt og veita nemandanum tækifæri til að nýta sér þekkingu, færni og hæfileika á fjölbreyttan hátt. Mikilvægt er að námsmat sé fjölbreytilegt og endurspegli sem best færni nemenda á ólíkum sviðum. Þannig má í senn ýta undir fjölhæfni og virða ólíkar þarfir nemenda.


Heildrænt námsmat sem felst í raunverulegum viðfangsefnum hentar vel til að meta hvort nemandinn hafi náð hæfniviðmiðum hverju sinni. Það felst í fjölbreyttum matsaðferðum kennara, nemandans og samnemenda hans. Það reynir á að nemendur beiti þekkingu, skilningi og leikni sinni til að meta sjálfa sig og aðra. Áhersla er lögð á virkni og ábyrgð nemandans á mati á eigin hæfni og löngun til að auka hæfni sína í námsþáttunum. Sem dæmi um námsmat sem hentar til þessa er m.a. sjálfsmat (þar sem nemandinn leggur mat á eigin hæfni), jafningjamat (þar sem nemendur leggja mat á hæfni samnemenda sinna) og leiðsagnarmat (þar sem kennarinn gefur nemanda endurgjöf á viðfangsefnin jafnhliða því sem þau eru unnin). Leiðsagnarmat er vel til þess fallið að skapa andrúmsloft sem byggist á þeirri trú að allir geti náð árangri. Þessi aðferð býður upp á að hægt sé að nota hvaða matsaðferð sem er, formlega eða óformlega. Tilgangurinn er að veita nemendum það aðhald og þá endurgjöf sem þörf er á svo námið verði þeim sem árangursríkast. Til að endurgjöfin hafi sem mest gildi fyrir nemendur er mikilvægt að hún sé stöðug og taki mið af námi þeirra og framförum á hverjum tíma.

Stöðugt alhliða námsmat þar sem kennarinn metur vinnu nemenda jafnt og þétt allt skólaárið má m.a. taka saman í verkmöppur, þær eru safn valinna verkefna sem sýna þekkingu, leikni og hæfni nemenda. Sé þessu formi beitt við námsmatið er mikilvægt að kennari geri nemendum vel ljóst hvaða markmið liggja að baki náminu. Í verkmöppu eru síðan valin brot af úrlausnum nemenda er gefa sýnis-horn af þeim markmiðum sem þeir hafa náð að námsþættinum loknum. Í kennsluleiðbeiningum eru tiltekin viss verkefni sem henta vel til að meta í verkmöppu út frá hæfniviðmiðunum.

Á vef Ingvars Sigurgeirssonar um kennsluadferðir og námsmat er hægt að lesa sér til um ólíkar aðferðir og prófa sig áfram hvað hentar hverju sinni og fellur að nemendahópnum.

<https://notendur.hi.is/ingvars/kennsluadferdir/index.htm>

## Greining heimilda



## Hvernig bregðast ólíkar persónur við ólíkum sögulegum viðburðum?

	mjög óánægð	óánægð	frekar óánægð	ekki ánægð	ánægð	mjög ánægð
1917: Byltingin í Rússlandi						
1921: Upphaf mikillar velmegunar í Bandaríkjunum						
1922: Mussolini kemst til valda á Ítalíu						
1923: Hitler settur í fangelsi eftir misheppnaða valdaránstílraun						
1924: Lenín deyr						
1929: Hrunið í verðbréfa-höllinni í New York						
1932: Mikið atvinnuleysi í Þýskalandi						
1933: Hitler ríkiskanslari						
1939: Griðasáttmáli milli Þýskalands og Sovétríkjanna						
1945: lok síðari heimsstyrjaldarinnar – tap Þóðverja						

Búðu til graf sem sýnir hve ánægðar/óánægðar þær fjórar persónur sem kynna okkur hugmyndafræðina eru með ólíka atburði. Notaðu mismunandi liti, til dæmis blátt fyrir Fríðu frjálslyndu, bleikt fyrir Jóhann jafnaðarmann, rautt fyrir Kötú kommúnista og brúnt fyrir Niels nasista.



# Hvernig á að leysa „Hugsaðu þér ...“ verkefni

## Að lifa sig inn í fortíðina

Til að geta skilið hvernig fólk fyrr á tímum gerði það sem það gerði, þurfum við að reyna að lifa okkur inn í aðstæður þess. Í námsefninu finnur þú mörg verkefni sem ganga út á að láta sem þú sért önnur manneskja en þú ert sjálf(ur). Hér er dæmi um þannig verkefni úr bókinni.

- Hugsaðu þér að þú byggir í Þýskalandi á millistríðsárunum og fylgdir Hitler að málum. Skrifaðu vini á Íslandi bréf og segðu honum frá því sem er að gerast í Þýskalandi og hvað þér finnst um það. (verkefni 27, bls. 95)

## Hvernig á að leysa þannig verkefni? Hér eru nokkur ráð.

- Þegar þú leysir verkefni þar sem þú átt að setja þig í spor annarra ferð þú í ákveðið hlutverk. Þú verður að muna að þú ert ekki að skrifa sem þú sjálf(ur), heldur sem önnur persóna sem lifir í fortíðinni.
- Sá sem les texta þinn á að geta skilið nokkurn veginn hvenær og hvar textinn á að vera skrifaður og hvers konar manneskja það er sem skrifar hann. Þetta þýðir að þú verður að nefna hluti sem eru dæmigerðir fyrir þann tíma sem þú átt að skrifa um.
- Mundu að þú getur ekki séð inn í framtíðina. Ef þú skrifar bréf árið 1933 getur þú ekki nefnt síðari heimsstyrjöldina eða eitthvað annað sem hefur gerst eftir 1933.
- Gott svar er sannsögulegt – það er að segja að það líkist því sem einhver gæti hafa skrifað á því tímabili.
- Gott svar passar við það sem við vitum um hvað raunverulega gerðist. Sem þýðir að það sem þú skrifar um sögulega atburði og sögulegar persónur getur verið rétt.

Þegar þú átt að meta þín eigin svör eða annarra í verkefnum getur þú notað þessi viðmið:

- Að hvaða leyti er auðvelt að skilja hvenær og hvar þetta á að vera skrifað?
- Að hvaða leyti heldur textinn sig við þann tíma sem hann á að vera skrifaður á?
- Passa upplýsingarnar í textanum við það sem við vitum að raunverulega gerðist?

# Titanic – samfélag í smækkaðri mynd

bls. 4–15

Frásögnin af Titanic heillar marga og vekur áhuga nemenda. Titanic er hér notað sem táknmynd fyrir evrópskt samfélag í byrjun 20. aldar. Lífið um borð lýsir vel þeirri stéttaskiptingu sem var í samfélaginu á þessum tíma en einnig flutningi fólks til Vesturheims og þeirrar tæknibjartsýni sem var ráðandi. Í kaflanum kynnast nemendur ólíkum tegundum heimilda og læra að greina á milli vottarheimilda og sagnarheimilda.

## Markmið

- Skapa sögur um fólk í fortíðinni og sýna hvernig félagslegir rammar og gildi hafa áhrif á hugsanir og gerðir fólks.
- Leita heimilda um efnið og velja úr þeim, meta þær á gagnrýninn hátt og sýna hvernig ólíkar heimildir geta boðið upp á ólíka framsetningu á sögunni.

## Mikilvæg hugtök

Stétt (yfirstétt, millistétt og lágstétt), iðnvæðing, vottarheimild og sagnarheimild. Þau verkefni sem henta vel til að hjálpa nemandanum að öðlast skilning á þessum hugtökum eru verkefni 1–4, 10 og 13.

## Heimildavinna

Verkefnið á bls. 11–12 þjálfar nemendur í að vinna með hugtökin vottarheimild og sagnarheimild. Nemendur eiga að bera saman tvær ólíkar heimildir og meta hvor er trúverðugari. Verkefni 13 er mikilvægt sem þjálfun fyrir nemendur að vinna með heimildir á netinu og nýtist þeim í vinnu við önnur verkefni.

## Tenging við nútímann

Verkefni 9 og 10 henta vel til að hvetja til umræðna og tengja tíðarandann við samfélagið í dag. Hvers vegna er fólk enn þann dag í dag upptekið af Titanic? Tilheyrir fólk enn ólíkum stéttum í samfélaginu?

## Að setja sig í spor annarra

Í verkefni 11 þurfa nemendur að setja sig í spor annarra. Þeir eiga að skrifa bréf þar sem þeir látast vera einn af þeim sem lifðu af Titanic-slysið. Áður en nemendur byrja á þessu verkefni getur verið gott að fara í gegnum hvernig best sé að vinna verkefni þar sem þeir þurfa að setja sig í spor annarra (sjá verkefnablað 3). Eftir að nemendur hafa skrifað bréfin geta þeir lesið þau upp hver fyrir annan í litlum hópum. Síðan geta þeir rætt um hvaða bréf uppfylli best þau viðmið sem eru til grundvallar og hvers vegna eins og skýrt er á verkefnablaði 3. Hver hópur velur síðan það bréf sem hann vill kynna fyrir hinum hópunum. Einn úr hópnum les upp bréfið og útskýrir hvers vegna þetta bréf uppfyllir viðmiðin.

## Verkmappa

Hentug verkefni til að meta í verkmöppu eru verkefni 11 og 13.

## Aukaverkefni

Verkefnablað 4 tengist stéttaskiptingu á Íslandi. Nemendur eiga að lesa og leysa verkefni út frá tveimur frásögnum þar sem greint er frá lífi daglaunamanna í Reykjavík í lok 19. aldar. Þarna gefst gott tækifæri á að ræða við nemendur um stéttaskiptinguna á Íslandi. Hægt er að nefna mun á húsnæði fólks eftir því hvaða stétt það tilheyrði. Í Reykjavík bjó yfirstéttin í glæsilegum húsum, sem dæmi má taka hús Thors Jensen við Frikirkjuvegi 11. Lágstéttin bjó hins vegar oft við skort og bjó jafnvel í skúrum sem varla voru íbúðarhæfir. Tíðarandinn var líka þannig að fátækir áttu að hafa minni rétt en aðrir og var kosningaréttur háður efnahag alveg fram til 1934.

## **Kennsluábendingar**

Myndin *Titanic* eftir James Cameron gefur tilefni til að nálgast efnið og hægt er að sýna nemendum hana. Þó að ástarsagan í myndinni sé skáldskapur sýnir hún vel stéttaskiptinguna í byrjun 20. aldar. Greinilega kemur fram í myndinni að aðalpersónurnar Jack og Rose tilheyra ekki einungis ólíkum stéttum um borð í skipinu heldur koma líka úr ólíkum samfélagshópum.

## **Ítarefni fyrir kennara**

Það er til fjöldi bóka og netsvæða um Titanic. Hér eru nefnd nokkur dæmi sem geta verið áhugaverð.

Walter Lord. (1998). *Sú nótt sem gleymist aldrei: bókin um Titanic-slysið*. Hólar. Akureyri.

Robert D. Ballard og Rick Arcbold. (1995). *The discovery of the Titanic*. Orion. London.

[www.encyclopedia-titanica.org](http://www.encyclopedia-titanica.org)

Netsvæði sem hefur m.a. lista yfir alla farþegana sem voru um borð á Titanic og afdrif sumra þeirra sem lifðu af slysið.

[www.learningcurve.gov.uk/snapshots/snapshot33/snapshot33.htm](http://www.learningcurve.gov.uk/snapshots/snapshot33/snapshot33.htm)

Netsvæði með ítarlegum upplýsingum um Titanic ásamt ýmsum verkefnum.

[www.varsinet.net/titanic](http://www.varsinet.net/titanic)

Norsk netsíða með ýmsum upplýsingum um Titanic-slysið og þá Norðmenn sem voru um borð.

## Stéttaskipting á Íslandi

Það var ekki einungis erlendis sem fólk skiptist í stéttir. Í Reykjavík var skýr stéttamunur. Yfir stéttin samanstóð af kaupmönnum og háembættismönnum en millistétt tilheyrðu iðnaðarmenn, skrifstofumenn, verslunarmenn og menntamenn. Lágstéttin var þó stærst með sjómenn og daglaunamenn. Í blaðinu Ísafold frá 1889 er lýst kjörum daglaunamanna (verkafélks) sem tilheyrðu lágstéttinni.

Í Reykjavík og víðar í verzlunarstöðum gengur sama óreglan, að daglaunamenn verða að vinna hjá kaupmönnum óákveðinn vinnutíma, og þar ofan á er þar beitt allmikilli hörku, jeg vil ekki segja harðýðgi við verkmenningu; verða þeir að vinna frá því snemma á morgnana, stundum frá því stundu fyrir miðjan morgun, til kl. 9–10 á kvöldin; og þar við bætist, að þeir fá engan ákveðinn tíma til að neyta matar, heldur verða nærri því að stelast til að rífa í sig matinn undir pakkhúsveggjunum og á bryggjunum, eins og hungraðar skepnur eða siðlausir mansmenn. Skyldi í nokkrum höfuðstað nokkurs lands vera farið þannig með menn, sem eru frjálsir í orði kveðnu?

Hvað kaup karlmanna snertir, þá er það að nafninu til ekki svo lágt; en þar er sá ókostur á, að meðan menn sjálfir mega ekki fara heim til sín að borða, verða þeir annað hvort að halda mann heima, ef þeir eiga ekki mátulega stálpuð börn, eða kaupa mann frá öðrum til að færa sér mat, og er það undir eins rýrnun í kaupinu, þó smátt sje.

En kvenmannsdaglaunin eru aptur á móti svo lág, að slíkt er á engu viti byggt; eða hvaða sanngirni er, að gjalda kvenmanninum ekki nema 3/5 á móti karlmanni, eða kannske tæplega það, og það þó kvenmaðurinn beri á börum móti karlmanni frá morgni til kvölds? Og þegar þau skila börnunum að kvöldi, fær karlmaðurinn 2 kr. 50 a., en kvenmaðurinn 1 kr. 50 a. Er eigi þetta ástæðulaus og gegndarlaus ójöfnuður?

Ísafold 4. desember 1889. bls. 385-386

1. Í fyrri hlutanum gefur höfundur greinarinnar það í skyn að hér sé um hálfgerð þrælahald að ræða. Hvernig er hægt að færa rök fyrir því? Ertu sammála?

---

---

---

2. Í seinni hluta textans er komið inn á kjör kvenna. Berðu þau saman við kjör karlanna. Hvað finnst greinarhöfundi um þennan ójöfnuð og hvers vegna heldur þú að þetta hafi verið svona? Heldur þú að launamunurinn sé enn til staðar í dag?

---

---

---

1 Guðjón Friðriksson. (1991). Saga Reykjavíkur: Bærinn vaknar: 1870–1940. Fyrri hluti. Iðunn. Reykjavík. (bls. 499–500)

# Fyrsta nútímastyrjöldin

bls. 16–39

## Markmið

- Að lýsa fyrri heimsstyrjöldinni sem meiri háttar ófriði á 20. öld og geta gert grein fyrir orsökum hennar og afleiðingum.
- Geta leitað að heimildum um fyrri heimsstyrjöldina og valið úr þeim, metið þær gagnrýnið og sýnt fram á hvernig ólíkar heimildir geta sagt söguna á ólíkan hátt.

## 2.1 Tilgangslaust stríð bls. 18–23

### Kveikja

Upplagt að byrja á að spyrja nemendur: „Hvað dettur þér í hug þegar talað er um stríð?”

Fáðu nemendur til að skrifa niður 3–4 stikkorð sem þeir tengja við stríð. Safnaðu stikkorðunum saman á töfluna og flokkaðu þau með nemendum í jákvæð orð og neikvæð. Notaðu einnig myndirnar á bls. 16–17 sem kveikju að umræðum um hvað er stríð. Kaflinn heitir „Fyrsta nútímastyrjöldin”. Biddu nemendur að hugsa um hvað þeir haldi að liggi að baki þessu heiti. Hvað er það sem gerir stríð nútímalagt?

### Mikilvæg hugtök

Skotgrafir er lykilhugtakið í þessum kafla. Verkefni 2, 3 og 10 geta hjálpað nemendum við að læra hugtakið. Í verkefni 9 er unnið með fleiri orð og orðasambönd úr textanum og nemendur þjálfaddir með því að búa sjálfir til setningar með þessum hugtökum.

### Heimildavinna

Í verkefni 13 eiga nemendur að túlka boðskapinn í hermannavísunni „*We're here because we're here*” með eigin orðum. Boðskapurinn er að stríðið er tilgangslaust.

Í verkefni 14 eiga nemendur að geta sér til um hvaða áróðursaðferðir eru notaðar í áróðursveggspjaldinu á bls. 18. Mælt er með því að nemendur leysi það verkefni áður en þeir vinna verkefni 11 en í því verkefni eiga þeir sjálfir að búa til veggspjald eða blaðaauglýsingu. Verkefni 11 hentar vel fyrir hóp. Þegar nemendur hafa lokið verkefninu geta þeir kynnt það fyrir samnemendum. Í lokin er æskilegt að allur hópurinn ræði saman um hvaða tegund áróðurs hóparnir notuðu. Með þessari verkefnavinnu læra nemendur að koma auga á mismunandi aðferðir sem eru notaðar í áróðurstríði.

### Að setja sig í spor annarra

Í verkefni 12c þurfa nemendur að setja sig í spor hermanna í skotgröfunum. Verkefnið felst meðal annars í því að semja ljóð. Það gefur nemendum tækifæri til skapandi skrifa og verður að metast með það í huga. Hægt er að vinna þetta verkefni í samstarfi við íslenskukennara.

### Kennsluhugmyndir

Kvikmyndin *Joyeux Noël (Gleðileg jól)* í leikstjórn Christian Carion frá árinu 2005 hentar vel til sýningar í tengslum við efni kaflans. Myndin segir frá jóladagskvöldi 1914 á vesturvígstöðvunum þegar Bretar, Þjóðverjar og Frakkar sömdu um óformlegt vopnahlé til þess að jarða látna félagar og spila fótbolta. Myndin gefur gott tækifæri til að nálgast efnið og skapa umræðu um stríð. Þá gefur hún góða mynd af skotgrafahernaði fyrri heimsstyrjaldar og tilgangsleysi stríðsins.

Á vefsíðunni [www.christmastruce.co.uk](http://www.christmastruce.co.uk) er hægt að fá nánari upplýsingar um vopnahléið sem myndin fjallar um.

Á vefsvæði BBC [www.bbc.co.uk/history/worldwars/wwone/](http://www.bbc.co.uk/history/worldwars/wwone/) er mikið myndefni tengt fyrri heimsstyrjöldinni sem hægt er að nota í kennslu, meðal annars um lífið í skotgröfunum. Neðarlega á síðunni er slóðin „*The Trenches:Virtual Tours*” og þar er hægt að finna gott myndefni.

Til að dýpka skilning nemenda á tímabilinu væri tilvalið að spila tónlist frá stríðsárunum ásamt því að skoða tísku þessa tímabils.

### **Verkmappa**

Ef nemendur er metnir út frá verkefnumöppu eru verkefni 10 og 11 hentug til þess.

## **2.2 Hvers vegna varð stríð? bls. 24–31**

### **Mikilvæg hugtök**

Bandalag, vígbúnaður, tilræði og stríð á tvennum vígstöðvum. Í verkefnum 15–17 og 26 eru nemendur þjálfaðir í að nota hugtökin.

### **Að setja sig í spor annarra**

Í verkefni 29 þarf nemandinn að setja sig í spor raunverulegrar persónu (Khudadad Khan) sem skrifar heim um það sem hann upplifði í stríðinu. Það er ekki nauðsynlegt að sækja frekari upplýsingar um hann en það sem stendur í námsbókinni. Gott er að láta nemendur nota *verkefnablað 3* við að leysa verkefnið.

### **Kennsluábendingar**

Orsakir stríðsins eru þungamiðjan í kaflanum. Gefðu nemendum tíma til að vinna með *sérsviðs* verkefnið bls. 30. Það hentar einnig vel til hóp- eða paravinnu.

### **Verkmappa**

Ef meta á nemendur út frá verkmöppu henta verkefni 27 og 29 vel til þess.

## **2.3 Stríðið breytti samfélaginu bls. 32–35**

### **Mikilvæg hugtök**

Áróður og ritskoðun. Verkefni 34, 35 og 38 eru heppileg til að þjálfa nemendur í að skilja hugtökin.

### **Heimildavinna**

Heimildavinnan í þessum hluta er um áróður og ritskoðun. Nemendur eiga meðal annars að meta hvaða aðferðir eru notaðar við gerð mismunandi áróðursveggspjalda. Í verkefni 42 fær nemandinn æfingu í að vinna með sögulegar heimildir sem ekki eru í textaformi. Æskilegt er að leyfa nemendum að nota *verkefnablað 1* við að greina veggspjaldið.

### **Að setja sig í spor annarra**

Það gæti verið gagnlegt fyrir nemendur að hafa *verkefnablað 3* til hliðsjónar þegar unnið er verkefni 39. Í verkefni 40 þurfa nemendur einnig að lifa sig inn í ákveðnar sögulegar aðstæður þar sem þeir eiga að gera veggspjald, dreifimiða eða spjald með slagorðum sem nota mætti á mótmælafundi gegn stríðinu.

### **Verkmappa**

Verkefni 39, 40 og 41 henta vel sem matsverkefni í verkmöppur.

## 2.4 Friður til frambúðar? bls. 36–39

### Að setja sig í spor annarra

Hlutverkaleikurinn sem er hér í kennsluleiðbeiningum er góður til að þjálfva nemendur í að setja sig í spor annarra. Í leiknum fá þeir tækifæri til að reyna sig sem stjórnáamenn sem hafa það hlutverk að koma á friði eftir fyrri heimsstyrjöldina. Sjá nánar hér fyrir neðan í upplýsingum um verkefnablöð 6.

### Aukaverkefni

#### Var þetta heimsstyrjöld?

*Verkefnablað 5*

Spurning sem lengi hefur verið rædd meðal sagnfræðinga snýst um hvort rétt sé að kalla stríðið 1914–1918 heimsstyrjöld. Sumir telja það evrópskt sjónarhorn að kalla þetta stríð heimsstyrjöld, þar sem þetta var fyrst og fremst stríð milli evrópsku stórveldanna. Aðrir benda á að fleiri svæði fyrir utan Evrópu blönduðust í stríðið og þess vegna er hægt að tala um „Fyrri heimsstyrjöldina“. Láttu nemendur ræða málið með hjálp verkefnis á verkefnablaði 5.

**Undirbúningur fyrir verkefnið:** skiptu nemendum í hóp þar sem í eru 3–4 nemendur. Ljósritaðu eitt eintak fyrir hvern hóp og láttu þá klippa spjöldin niður. Leiðbeiningar til nemenda eru á verkefnablaðinu.

Þessi tegund verkefnis krefst virkni af nemendum og gefur þeim tækifæri til rökræðna. Eftir að nemendur hafa leyst verkefnið í litlum hópum er gott að allir hóparnir komi með sínar niðurstöður og ræði um og skoði niðurstöður hver hjá öðrum. Komust allir hóparnir að sömu niðurstöðu eða höfðu þeir ólíkar skoðanir?

#### Hlutverkaleikur: Versalásamningurinn.

*Verkefnablað 6* (3 hlutverkaspjöld, 1 drög að samningi, 1 friðasáttmála og 1 skýrsla) Nemendur eru settir í ákveðin hlutverk, sem bandarískur, breskur og franskur sendiherra árið 1919. Fyrri heimsstyrjöldinni er lokið, Bandaríkin, Bretland og Frakkland hafa sigrað Þjóðverja og nú eiga löndin að semja um frið.

**Undirbúningur:** Í hverjum hóp eru þrjú nemendur og þarf að vera einn bandarískur, einn breskur og einn franskur sendiherra. Hver nemandi fær sitt hlutverkakort. Gefið þeim tíma til að lesa yfir hlutverkaspjöldin og setja sig inn í hlutverkin. Ef tími gefst til er gott að þeir nemendur sem hafa sömu hlutverk beri sig saman um hvaða óskir þeirra land hefur áður en leikurinn hefst. Ef talan þrjú gengur ekki upp í nemendafjöldanum, geta einn eða tveir nemendur haft það hlutverk að vera blaðamenn sem eru á staðnum og fylgjast með viðræðunum. Á meðan sendiherrarnir skrifa sína skýrslu í lok leiksins geta blaðamennirnir skrifað frétt um friðarviðræðurnar fyrir fjölmiðla.

**Framkvæmd:** Eftir að nemendur hafa fengið sitt hlutverk fær hver hópur eintak af drögum að samningnum þar sem eru tíu spurningar með ólíkum tillögum um hvernig eigi að gera upp styrjöldina. Nemendur koma sér saman um eina lausn á hverri spurningu. Þessir þrjú sendiherrar eiga að taka afstöðu til allra spurninganna út frá sínu hlutverki og verða að vera sammála um lausn. Þetta reynir mikið á að nemendur færi rök fyrir sínum skoðunum og takist að sannfæra aðra en jafnframt að geta samið um lausn.

**Samantekt:** Þegar allir hóparnir hafa komist að niðurstöðu eru þeir komnir með drög að samningi. Þá er gott að hafa umræður um hvernig nemendur upplifðu ferlið. Hve sáttir eru þeir með niðurstöðurnar? Hve létt eða erfitt var að vera sammála?

Síðan á hver hópur að bera saman sínar niðurstöður við raunverulega sáttmálann (blað með friðarsáttmálanum). Líklegt er að niðurstöður nemenda séu aðrar en þær sem eru í raunverulega samningnum en það þýðir ekki að þeir hafi unnið illa í hlutverkaleiknum heldur þvert á móti að þeir hafi komist að betri niðurstöðu en þeir sem sömdu í raunveruleikanum. Ræðið þessar spurningar:

- Urðuð þið hissa á hvaða lausn stjórnámálamennirnir völdu?
- Teljið þið að ykkar lausnir séu betri en raunverulegu lausnirnar?

**Skýrslugerð:** Í lokin á hver nemandi að skrifa skýrslu til leiðtoga síns lands. Nemendurnir eiga enn að vera í sínum hlutverkum sem bandarískur, breskur og franskur sendiherra. Í skýrslunni þarf að koma fram hve ánægður viðkomandi er með niðurstöður sammingsins. Hvað finnst honum gott og hvað ekki eins gott? Eru einhver atriði sem geta valdið áhyggjum þegar litið er til framtíðar? Nemendur geta notað skýrsluformið sem fylgir með.

## **Dómínó**

*Verkefnablað 7*

Þetta einfalda spil getur hjálpað til við að þjálfa hugtök og læra að muna mikilvæg nöfn og atburði úr kaflanum. Ljósritið á þykkann pappa eða plastið blaðið og klippið niður. Gerið nokkur eintök. Tveir eða fleiri nemendur geta spilað saman. Þeir skipta spjöldunum á milli sín og einn byrjar að leggja fram eitt spjald. Næsti spilari þarf að skoða hvort hann hefur spjald sem passar við fyrsta spjaldið, leggur það við og þannig koll af kolli. Ef nemandi hefur ekki spjald sem passar við þá á næsti að gera. Sá vinnur sem er fyrstur að losna við öll spjöldin.

## **Hvað var að gerast á Íslandi?**

*Verkefnablað 8*

Nemendur eiga að lesa úrklippur úr þremur blaðagreinum sem birtust í íslenskum dagblöðum á árunum 1915 og 1918 og leysa verkefnið sem fylgja.

Blaðgrein A lýsir bæjarlífinu í Reykjavík þegar spænska veikin var í hámarki í desember 1918. Spænska veikin var inflúensufaraldur sem gekk yfir heiminn 1918–1919. Inflúensan lagðist þyngra á ungt og miðaldra fólk en það eldra. Flestir létu lífið úr lungnabólgu sem fylgdi inflúensunni. Um tíma lagðist allt athafnalíf niður í Reykjavík, verslunum var lokað og dagblöð hættu að koma út vegna veikinda starfsmanna. Talið er að 484 Íslendingar hafi látist úr veikinni og þar af 258 í Reykjavík.

Blaðgrein B lýsir fullveldisdeginum þann 1. desember 1918. Þann dag tóku sambandslögin milli Íslands og Danmerkur gildi. Með þeim fékkst viðurkenning á því að Ísland væri frjálst og fullvalda ríki. Dagurinn varð almennur þjóðhátíðardagur fram að stofnun lýðveldisins 1944. Þennan dag var íslenski fáninn dreginn að hún í fyrsta sinn sem fullgildur þjóðfáni.

Blaðgrein C er hluti úr ræðu Bríetar Bjarnhéðinsdóttur sem hún flutti sumarið 1915. Þann 19. júní 1915 fengu íslenskar konur kosningarétt og kjörgengi til Alþingis eftir áralanga baráttu. Rétturinn var þó bundin við 40 ára aldur og átti að lækka árlega næstu 15 árin. En til þess kom þó ekki vegna þess að 1920 fengu konur sama rétt og karlar sem þá var miðaður við 25 ár.

## **Fyrsta nútímasstyrjöldin**

*Verkefnablað 9*

Í þessu verkefni eiga nemendur að reyna á kunnáttu sína úr kaflanum. Þegar þeir hafa unnið með allan kaflann geta þeir reynt sig við þetta verkefni. Verkefnið er hugsað sem paraverkefni en ekkert er því til fyrirstöðu að hver nemandi leysi verkefni fyrir sig.



## Var þetta heimsstyrjöld?

Margir sagnfræðingar telja að stríðið 1914–1918 hafi fyrst og fremst verið evrópskt stríð og því eigi ekki að kalla það heimsstyrjöld. Á töflunni hér fyrir neðan standa fullyrðingar sem hægt er að nota sem rök með eða á móti því hvort um heimsstyrjöld var að ræða. Vinnið saman í pörum og byrjið á því að klippa niður spjöldin.

- Flokkið spjöldin: MEÐ og Á MÓTI. Ef þið finnið fleiri rök skrifið þau á auðu spjöldin.
- Hvaða rök eru mikilvægust? Flokkið kortin þannig að það mikilvægasta sé efst.
- Hver er ykkar niðurstaða? Finnst ykkur rétt að tala um heimsstyrjöld?

Bandaríkjamenn voru þátttakendur í stríðinu frá 1917–1918	Stríðið byrjaði vegna deilna milli evrópsku stórveldanna.	Hermenn frá Asíu, Afríku, N-Ameríku og Ástralíu börðust í stríðinu.
Stríðið var að mestu leyti háð í Evrópu.	Yfir 100.000 Indverjar voru drepnir eða særðust í stríðinu.	Ekkert land frá S-Ameríku tók þátt í stríðinu.
Bæði Kína og Japan voru með bandamönnum í stríðinu.	Tyrkjaríki tók þátt í stríðinu við hlið Þjóðverja.	Stríðið náði til flest allra landa í Evrópu.
Helstu andstæðingar í stríðinu voru evrópsku stórveldin.	Lönd í Afríku blönduðust inn í stríðið vegna þess að þau voru nýlendur evrópskra stórvelda.	Arabar gerðu uppreisn gegn Tyrkjaríki og börðust með Bretum.
Stríðið fór líka fram á heimshöfunum þar sem þýskir kaþbátar réðust bæði á skip bandamanna og hlutlaus skip.		

## Hlutverkaleikur – Friðarsamningarnir í Versölum

### Franskur sendiherra

Árið er 1919. Einu versta stríði sem heimurinn hefur upplifað er nýlokið. Frakkland, Bretland og Bandaríkin eru sigurvegarar og nú þurfa leiðtogar þessarar þriggja landa að reyna að ná samkomulagi um friðarsamning sem Þjóðverjar þurfa síðan að samþykkja. Fulltrúar frá þessum þremur löndum hittast í Versölum í Frakklandi.

Þú ert sendiherra Frakka í friðarviðræðunum í Versölum. Sendiherra er einstaklingur sem ráðinn er af ríkinu til að standa vörð um hagsmuni landsins í sambandi við önnur lönd. Þitt hlutverk er að semja við sendiherra Bandaríkjanna og Bretlands. Þið eigið að reyna að verða sammála um hluta innihald friðarsáttmálans.

Yfirmaður þinn er forsætisráðherra Frakka *Georges Clemenceau*. Þú áttu að reyna ná samningum sem hann gæti sætt sig við. Þessum atriðum átt þú að reyna ná fram:

- Við verðum að hefna okkur á Þýskalandi vegna þess að þeir hafa valdið svo mikilli þjáningu hjá þjóð okkar í þessu stríði.
- Við verðum að sjá til þess að veikja Þýskaland þannig að það geti aldrei ráðist á Frakkland aftur.
- Þjóðverjar verða að viðurkenna að þeir voru upphafsmenn stríðsins.
- Við verðum að þvinga Þýskaland til borga háar stríðsskaðabætur til Frakklands þannig að við höfum efni á að lagfæra allan þann skaða sem hlaust af stríðinu.

### Breskur sendiherra

Árið er 1919. Einu versta stríði sem heimurinn hefur upplifað er nýlokið. Frakkland, Bretland og Bandaríkin eru sigurvegarar og nú þurfa leiðtogar þessarar þriggja landa að reyna að ná samkomulagi um friðarsamning sem Þjóðverjar þurfa síðan að samþykkja. Fulltrúar frá þessum þremur löndum hittast í Versölum í Frakklandi.

Þú ert sendiherra Breta í friðarviðræðunum í Versölum. Sendiherra er einstaklingur sem ráðinn er af ríkinu til að standa vörð um hagsmuni landsins í sambandi við önnur lönd. Þitt hlutverk er að semja við sendiherra Bandaríkjanna og Frakklands. Þið eigið að reyna að verða sammála um hluta innihalds friðarsáttmálans.

Yfirmaður þinn er forsætisráðherra Breta *David Lloyd George*. Þú áttu að reyna ná samningum sem hann gæti sætt sig við. Þessum atriðum átt þú að reyna að ná fram:

- Við verðum að sjá til þess að breska stórveldið verði öflugt og sameinað.
- Þjóðverjar verða að borga fyrir skaðann sem við urðum fyrir í stríðinu.
- Við verðum að muna að Bretland er verslunarþjóð. Það er mikilvægt fyrir okkur að byggja upp ný viðskiptasambönd, líka við Þýskaland. Þess vegna verðum við að varast að vera of strangir við Þjóðverja.
- Að hinir ólíku þjóðernishópar sem búa í Austurríki-Ungverjalandi verði sjálfstæð ríki.

## **Bandarískur sendiherra**

Árið er 1919. Einu versta stríði sem heimurinn hefur upplifað er nýlokið. Frakkland, Bretland og Bandaríkin eru sigurvegarar og nú þurfa leiðtogar þessara þriggja landa að reyna að ná samkomulagi um friðarsamning sem Þjóðverjar þurfa síðan að samþykkja. Fulltrúar frá þessum þremur löndum hittast í Versölum í Frakklandi.

Þú ert sendiherra Bandaríkjanna í friðarviðræðunum í Versölum. Sendiherra er einstaklingur sem ráðinn er af ríkinu til að standa vörð um hagsmuni landsins í sambandi við önnur lönd. Þitt hlutverk er að semja við sendiherra Breta og Frakklands. Þið eigið að reyna að verða sammála um hluta af innihaldi friðarsáttmálans.

Yfirmaður þinn er forseti Bandaríkjanna *Woodrow Wilson*. Þú átt að reyna að ná samningum sem hann geti sætt sig við. Þessum atriðum átt þú að reyna að ná fram:

- Við verðum að reyna að skapa varanlegan frið.
- Hver þjóð verður að draga úr vopnastyrk sínum til að koma í veg fyrir nýtt vopnakauphlaup.
- Það verða ekki lengur nein leynileg bandalög milli landa.
- Landamærin skulu breytast þannig að hver þjóð fái að stjórna sér sjálf og fá sjálfstæði.
- Við verðum að stofna alþjóðleg samtök, Þjóðabandalagið, sem hefur það hlutverk að tryggja frið. Innan Þjóðabandalagsins geta ríkin leyst úr árekstrum með samningaviðræðum og þannig komist hjá stríði.

## Friðarviðræður í Versölum

Hvaða lausnum getur hópurinn mælt með fyrir leiðtoga sína út frá þessum spurningum? Þið eigið að komast að samkomulagi um eina lausn við hverri spurningu. Tveir eða þrír möguleikar eru gefnir við hverja spurningu en þið getið líka komið með ykkar eigin lausnir svo lengi sem allur hópurinn er sam- mála.

1. Alsace-Lorraine.

Þetta er svæði á landamærunum milli Þýskalands og Frakklands. Þjóðverjar hertóku það frá Frökkum í þýsk-franska stríðinu 1871. Hvað á að gera við þetta svæði?

- Þjóðverjar fá að halda svæðinu.
- Svæðið verði alþjóðlegt, stýrt af Þjóðabandalaginu.
- Þjóðverjar skila Frökkum svæðinu.

2. Rínarland.

Rínarland er hluti af Þýskalandi við landamæri Frakklands. Þaðan er auðveldast að ráðast inn í Frakk- land. Hvað á að gera við þetta svæði?

- Þjóðverjar afhenda Frökkum svæðið.
- Þýskaland heldur svæðinu en bannað verður að hafa þar hermenn.
- Þýskaland fær að halda svæðinu án nokkurra skilyrða.

3. Danzig og Austur-Prússland.

Þetta landsvæði tilheyrir Þýskalandi og flestir íbúarnir eru Þjóðverjar en þar búa líka Pólverjar. Þetta svæði skilur Pólland frá Eyrstrasalti. Pólverjar þurfa að hafa aðgang að hafi. Hvað á að gera við þetta svæði?

- Þjóðverjar fá að halda svæðinu án nokkurra skilyrða.
- Pólverjar fá þetta svæði, bæði borgina Danzig og allt Austur-Prússland.
- Pólland fær borgina Danzig og svæðið í kring en Þjóðverjar halda Austur-Prússlandi. Þýskalandi verði skipt í tvennt.

4. Þýsku nýlendurnar.

Þjóðverjar áttu nokkrar nýlendur í Afríku og Asíu fyrir stríðið. Hvað á að gera við þær?

- Þjóðverjar halda nýlendunum.
- Bretar og Frakkar taka yfir allar þýskar nýlendur.
- Þjóðabandalagið tekur yfir þýsku nýlendurnar.

5. Varnir Þýskalands.

Hvaða reglur eiga að gilda um hernað Þjóðverja?

- Þýskaland á ekki að fá að hafa her eða vopn.
- Þýskaland má hafa lítinn her til að verja landið (ca. 100.000 hermenn) en engan herskipafloa, kafbáta, flugvélar eða skriðdreka.
- Bæði Þýskaland og hin stórveldi Evrópu verða að draga úr fjölda hermanna og vopna og þannig koma í veg fyrir nýtt vopnablaup.

6. Ábyrgð á stríðinu.

Hvað á friðarsamningurinn að segja um hver beri ábyrgð á stríðinu?

- Býskaland á eitt að taka á sig sökina.
- Öll þátttökuríkin eiga að skrifa undir að þau hafi verið meðsek í stríðinu.
- Samningurinn á ekki að nefna neinn sökudólg.

7. Stríðsskaðabætur.

Það er venjan að þau lönd sem tapa stríði eigi að greiða skaðabætur til sigurvegaranna. Hvernig á það að vera í þessu tilfalli?

- Býskaland á að borga lága málamyndaupphæð í skaðabætur til Frakka og Breta til að undirstrika að það tapaði.
- Býskaland á að borga frekar háa upphæð í skaðabætur til Frakka vegna þess að þar var skaðinn mestur.
- Býskaland á að borga mjög háa upphæð í skaðabætur til Frakka og Breta sem refsingu fyrir að hafa byrjað stríðið.

8. Austurríki-Ungverjaland var stórt ríki með íbúum af ólíku þjóðerni. Það barðist við hlið Þjóðverja í stríðinu og tapaði. Hvað á að verða um þetta ríki núna?

- Ríkið á að vera eins og áður.
- Ríkið á að skiptast upp í tvo hluta Austurríki og Ungverjaland.
- Skipta skal ríkinu upp í Austurríki, Ungverjaland og Tékkóslóvakíu og auk þess þarf það að láta eftir landsvæði til fleiri ríkja.

9. Býskaland og Austurríki.

Býskaland og Austurríki hafa sameiginlegt tungumál og menningu. Það er líklegt að þessi lönd óski eftir að sameinast. Eiga þau að fá leyfi til þess?

- Já, ef íbúarnir óska þess. Sérhver þjóð hefur rétt til að ákveða það sjálf.
- Nei, það má aldrei verða. Það land yrði allt of stórt og völdugt.
- Þau geta ekki fengið leyfi til þess fyrr en eftir 20 ár.

10. Ný þjóðríki.

Þegar ný þjóðríki eru stofnuð, hvernig á að standa að því?

- Mikilvægt er að hver þjóð fái sitt eigið ríki, þó að það þýði mörg smáríki.
- Nýju ríkin mega ekki vera of lítil og veikbyggð. Það verður að skapa nokkur frekar stór ríki, þó að það þýði að mörg þjóðernisbrot verði í sama landinu.

# Versalasangurinn

Hér eru lausnirnar við spurningunum sem stjórnámalennirnir völdu í raunveruleikanum.

1. Alsace-Lorraine.  
Þýskaland þurfti að skila svæðinu til Frakka.
2. Rímarland.  
Þýskaland fékk að halda svæðinu en Þjóðverjum var bannað að hafa þar her.
3. Danzig og Austur-Prússland.  
Pólland fékk borgina Danzig og svæðið í kring en Þýskaland hélt Austur-Prússlandi. Þýskalandi var skipt í tvennt.
4. Þýsku nýlendurnar.  
Þjóðabandalagið átti að taka yfir þýsku nýlendurnar.
5. Varnir Þýskalands.  
Þýskaland mátti bara hafa lítinn her til að verja landið (ca. 100.000) en engin herskip, kaþáta, flugvélur eða skriðdreka.
6. Ábyrgð á stríðinu.  
Þýskaland skyldi eitt bera ábyrgð vegna stríðsins.
7. Stríðsskaðabætur.  
Þýskaland átti að borga háa upphæð til Frakka og Breta.
8. Austurríki-Ungverjaland.  
Austurríki-Ungverjaland átti að skiptast upp í Austurríki, Ungverjaland og Tékkóslóvakíu og auk þess að láta eftir landsvæði til annarra landa.
9. Þýskaland og Austurríki.  
Þýskaland og Austurríki máttu ekki sameinast í eitt land.
10. Ný Þjóðríki.  
Það voru stofnuð nokkur fá, frekar stór þjóðríki. Bæði Tékkóslóvakía og Júgóslavía samanstóðu af mörgum ólíkum þjóðarbrotum.

## **Skýrsla frá samningarviðræðunum í Versölum 1919**

Til: (þjóðarleiðtoga)

Frá: (sendiherra)

Þau atriði sem land okkar náði fram í viðræðunum. Við fengum það sem við vildum í þessum atriðum.

---

---

---

Þetta fengum við ekki samþykkt. Við þurftum að beygja okkur undir þessi atriði.

---

---

---

Þetta er ég ánægðastur/ánægðust með.

---

---

---

Þessu hef ég áhyggjur af.

---

---

---

Heildarmat mitt á Versalasarvingnum.

Mér finnst þetta góður/slæmur samningur vegna þess að ...

---

---

---

## Verkefnablað 7

### Dómínó – Fyrsta nútímastyrjöldin (klippa niður)

Bretland, Frakkland og Rússland	Veitti vernd gegn eiturgasi	Fyrsti Indverjinn sem fékk Viktoríukrossinn fyrir hetjudáð í fyrri heimsstyrjöldinni
Skotgrafir	Vélbyssur	Gavrilo Princip

Frægur staður fyrir orrustur í fyrri heimsstyrjöldinni	Skipulögð árás á mikilvæga persónu, til dæmis þjóðarleiðtoga	Veggspjöld, myndir og fleira notað til að hafa áhrif á skoðanir fólks
Gasgrímur	Khudadad Khan	Woodrow Wilson

Skurður þar sem hermenn höfðust við til að komast hjá kúlum andstæðinga	Ný tegund af vélavopni sem var mikilvægt í fyrri heimsstyrjöldinni	Maðurinn sem skaut erfðarprinsinn Franz Ferdinand og konu hans í Sarajevó
Einskinsmannsland	Bandamenn	Príveldabandalagið

Forseti Bandaríkjanna sem vildi tryggja varanlegan frið	Alþjóðleg samtök sem voru stofnuð 1919 og áttu að tryggja frið	Þegar yfirvöld stjórna því hvað dagblöðin mega prenta
Þjóðabandalagið	Ritskoðun	Triple-entente

Svæðið milli skotgrafa andstæðinganna	Samningur milli tveggja eða fleiri landa um að styðja hvert annað í stríði	Þýskaland, Austurríki-Ungverjaland og Ítalía
Manfred von Richthofen	Stríð á tvennum vígstöðum	Versalir

Rauði baróninn	Þegar land þarf að berjast á tvennum vígstöðvum í einu	Staðurinn þar sem friðarsamningurinn var skrifaður 1919
Verdun	Tilræði	Áróður



# Hvað var að gerast á Íslandi?

Eftirfarandi þrjár blaðgreinar eru úr íslenskum dagblöðum frá 1915 og 1918. Lestu greinarnar og leystu síðan verkefnin sem fylgja.

### Blaðgrein A

Hver hefði spáð því, að svo mikil tíðindi gerðist hér á meðal vor, að menn mintust: naumast á vopnahléið, byltinguna þýzku og landflotta þess Þjóðhöfðingja, sem mest hefir verið um rætt síðustu árin, þeirra vegna? Hver hefði spáð því, að svo viðburðaríkir dagar biðu vor, að vér gleymdum Kötlu, spúandi eldi og eimyrju yfir nálægar sveitir?

Nú nefnir enginn Reykvikingur Kötlu, fremur en hún hefði aldrei verið til. Og engir fánar svifu að hún á þriðjudaginn var, til þess að fagna friðnum. Í stað þess drúptu fánar á miðri stöng, sem sýnilegt tákn drepssóttarinnar, sem dauðinn hefir fengið að vopni, í okkar afskekta landi.

Á miðvikudaginn annan en var má telja að þriðjungur bæjarbúa hafi verið orðinn veikur. En næstu dagana breiddist veikin svo mjög út, að um síðustu helgi mun ýkjulaust mega telja, að tæpur þriðjungur bæjarbúa hafi verið á uppréttum fótum. Þá dagana var því líkast alt líf væri að fjara út í bænum. Göturnar voru að kalla mátti auðar af fólki, og ætíð voru það sömu andlitin sem saúst, flest eldra fólk. Í byrjun þessarar viku fóru að sjást ný andlit, sjúklingar, sem gengnir voru úr greipum sóttarinnar. En um sama leyti fór hinn hryggilegi förunautur Inflúenzunnar, lugnabólga, að færast í aukana, og með henni fjölgaði mannslátunum.<sup>2</sup>

### Blaðgrein B

Dagurinn í gær var mesti blíðviðrisdagur, sem komið hefir lengi, og lagði forsjónin þannig sinn skerf til þess að þessi merkilega stund gæti orðið sem hátíðlegust. Kl. 11 ½ tók fólk að streyma úr öllum áttum að Lækjartorgi. Mannfjöldinn safnaðist alt í kring um stjórnarráðsblettinn, en þeir, sem sérstaklega hafði verið boðið að vera við athöfnina, embættismenn, ritstjórar, ræðismenn erlendra ríkja o.s.frv. söfnuðust við dyr stjórnarráðsins. Liðsmenn af varðskipinu mynduðu heiðursfylkingu á stjórnarráðsblettinum og lúðraflokkur, undir stjórn Reynis Gíslasonar, var hjá stjórnarráðshúsinu. Kl. 11 ¾ hófst athöfnin með því að lúðraflokkurinn lék „Eldgamla Ísafold“. Þá hélt ráðherra Sigurður Eggerz, ræðu ... var að ýmsu leyti hátíðlegur blær yfir athöfninni í gær. Það mátti sjá á mörgum, að þeir fundu að stundin, sem leið um hádegið í gær, var alvöruþrungin stund, og lengi munu menn minnst augnabliksins, þegar klofinn, íslenzkur fáni sveif að hún í fyrsta sinn. Að baki stjórnarráðshússins stóðu tvær stengur auðar. Þær mintu á síðasta þáttinn í fullveldisbaráttunni og klofni fáninn sýndi að nýtt tímabil var hafið í sögu Þjóðarinnar.<sup>3</sup>

### Blaðgrein C

... Þegar vér því í dag í glóbjarta góðviðrinu, stöndum hér fyrir framan þinghúsið til þess að halda minningarhátíð þess, að vér séum orðnar löglegir borgarar Íslands, með fullum rétti til að vinna sameiginlega að öllum þess velferðarmálum með bræðrum vorum, þá verður það fyrst og síðast alþingi og þess leiðandi menn, sem vér þökkum þessi stóru réttindi ... Það er því með glæðri von og trú, sem vér tökum við þessum réttindum, þótt þau til að byrja með séu ekki eins útfærð og vér hefðum óskað.

Alþingi Íslands, þessi kjörgripur íslenzku Þjóðarinnar, hefir sýnt sig svo velviljað í vörn garð, að vér óskum einskis fremur, en að fá að vinna að sameiginlegum landsmálum með bræðrum vorum, undir lög- gjarfarvaldi þess. Vér vitum vel, að það er fjöregg frelsis íslenzku Þjóðarinnar, sem vandlega ber að varðveita að hvorki brákist né brotni, og vér konur munum ekki reynast því ótrúrri liðsmenn en bræður vorir. Vér heilsum glaðar framtíðinni, þar sem karlar og konur vinna í bróðerni saman að öllum landsmálum, bæði á heimilunum og á alþingi.<sup>4</sup>

<sup>2</sup> Morgunblaðið, 6. árg. 7. tölublað (17.11.1918), bls. 1

<sup>3</sup> Morgunblaðið, 6. árg. 22. tölublað (02.12.1918), bls. 1

<sup>4</sup> Kvemblaðið, 21. árg. 6. tölublað (16.07.1915), bls. 46

## Hvað var að gerast á Íslandi?

**Leystu eftirfarandi verkefni eftir að hafa lesið blaðagreinarnar hér að framan.**

1. Við hvaða blaðagrein passar eftirfarandi fyrirsögn. Settu A, B eða C fyrir framan setninguna sem þú telur gæti verið fyrirsögnin.

\_\_\_\_\_ Ísland fullvalda  
\_\_\_\_\_ Konur fá kosningarétt til Alþingis  
\_\_\_\_\_ Sóttin mikla

2. Hvaða blaðagrein passar best við eftirfarandi setningar. Settu A, B eða C fyrir framan setningarnar.

\_\_\_\_\_ Veturinn 1918 geisaði bráð influensa í landinu sem kölluð var spænska veikin.  
\_\_\_\_\_ Konur fengu kosningarétt og kjörgengi til Alþingis 19. júní 1915.  
\_\_\_\_\_ Kötlugos.  
\_\_\_\_\_ Ísland fær fullveldi frá Dönum.  
\_\_\_\_\_ Bæir eyðast og fénaður ferst.  
\_\_\_\_\_ Ísland frjálst og fullvalda ríki.  
\_\_\_\_\_ Skæð drepsótt herjar í Reykjavík og víða um land.  
\_\_\_\_\_ Kvennabaráttan.  
\_\_\_\_\_ Meirihluti bæjarbúa fárveikist og fjöldi fólks deyr.  
\_\_\_\_\_ Löggjafarvald.  
\_\_\_\_\_ Sigurður Eggertz ráðherra.  
\_\_\_\_\_ Samvinna.  
\_\_\_\_\_ Neyðarástand á mörgum heimilum.  
\_\_\_\_\_ Aukin réttindi.  
\_\_\_\_\_ Sól og sumar.  
\_\_\_\_\_ Fáninn notaður í fyrsta sinn sem fullgildur þjóðfáni.  
\_\_\_\_\_ Vopnahlé.

## Fyrsta nútímastyrjöldin

Notaðu töfluna hér fyrir neðan til að prófa kunnáttu þína úr kaflanum. Vinnið í þorum. Veljið spurningar úr hverjum flokki og hvaða þyngdarstigi þið ætlið að svara. Erfiðustu spurningarnar gefa flest stig. Þegar þið hafið svarað öllum spurningum sem þið völduð farið þið yfir svörin með hjálp námsbókarinnar. **Fyrir rangt svar dragast 5 stig frá heildarstigafjöldanum í lokin.**

Efni	Tilgangslaust stríð	Hvers vegna varð stríð?	Stríðið breytti samfélaginu	Dýrtíð og vöruskortur á Íslandi
<b>Þyngdarstig 1</b> 10 stig	Hvað eru skotgrafir?	Fyrir hverja var hermönnum í fyrri heimsstyrjöldinni sagt að þeir væru að berjast?	Hvað breyttist í sambandi við atvinnutækifæri kvenna í fyrri heimsstyrjöldinni?	Hvað er atvinnubótavinna?
<b>Þyngdarstig 2</b> 20 stig	Hvaða ríki töldust til bandamanna?	Hvað er Triple-entente?	Hvað er áróður?	Við hvað unnu margar íslenskar konur á tímum fyrri heimsstyrjaldar?
<b>Þyngdarstig 3</b> 30 stig	Hvaða nýjungar tóku Bretar í notkun í lok stríðsins?	Hvað varð til þess að Bandaríkin blönduðust inn í stríðið?	Hvaða auknu réttindi fengu konur í mörgum löndum eftir fyrri heimsstyrjöldina?	Hvert var mesta vandamálið á Íslandi í fyrri heimsstyrjöld?
<b>Þyngdarstig 4</b> 40 stig	Hver var „rauði baróninn“?	Hver var Sharif Hussein?	Hvað var Járnkrossinn?	Hvað kostaði mjólkurlítrinn í Reykjavík árið 1917?

# Stéttabarátta

bls. 40–61

## Markmið

- Segja frá rússnesku byltingunni sem meginatriði í átökum 20. aldar. Gera grein fyrir orsökum og afleiðingum hennar og sýna hvernig hún hafði áhrif í öðrum löndum.
- Lýsa þróun verkalyðshreyfingar á Íslandi frá 1916 til 1937.
- Finna heimildir um þessa atburði, meta þær af gagnrýni og sýna hvernig ólíkar heimildir geta gefið ólíka mynd af sögunni.

## 3.1 Kjaramunur og nýjar hugmyndir í Rússlandi bls. 42–47

### Mikilvæg hugtök

Kommúnismi, bylting og kapítalism. Verkefni 3, 8 og 10 henta vel til að þjálfa þessi hugtök.

### Kveikja

Myndin á bls. 40–41 er hluti af málverki sem sýnir byltinguna við Vetrarhöllina í nóvember 1917. Hægt er að hvetja nemendur til að ræða um hvaða ástæður geta legið að baki því að verkamenn geri byltingu. Athugaðu hvort þeir taka eftir einhverjum smáatriðum í málverkinu. Eru allir klæddir á svipaðan hátt? Er ákveðin tákn að finna í málverkinu?

### Heimildavinna

Heimildirnar í verkefni 12 og 13 fjalla um hinn mikla mun á högum fólks í Rússlandi. Tilgangurinn með verkefnunum er að æfa nemendur í að greina og sækja upplýsingar í ólíkar heimildir. Til að leysa þessi verkefni er gott að leyfa þeim að nota *verkefnablað 3*.

### Setja sig í spor annarra

Í verkefni 7 þarf nemandinn að setja sig í spor unglings sem býr í Rússlandi í byrjun 20. aldar. Verkefni 8 er einnig hentugt til að þjálfa nemendur í að setja sig í spor annarra. Í því eiga nemendur að skrifa tvær blaðagreinar, aðra með og hina á móti kommúnisma. Til að leysa þetta verkefni geta nemendur notað *verkefnablað 3*. Þeir þurfa einnig heimildir um hvernig var að búa í Rússlandi í byrjun 20. aldar til að leysa þetta verkefni. Hægt er að finna heimildir í námsbókinni en einnig skal hvetja nemendur til að leita í öðrum heimildum.

### Hugmyndafræðin (Kata kommúnisti)

Aðaláherslan í þessum kafla er á hugmyndafræði kommúnismans. Grunnurinn er atburðirnir í Rússlandi í byrjun 20. aldar. Nemendur eru leiddir áfram með hjálp Kötú kommúnista (gott að skoða textann um hugmyndafræðina í Inngangi) og fleiri verkefnum fram til dagsins í dag. Verkefni 6, 7, 8 og 10 eru góð til að hjálpa nemendum að skilja hvað felst í hinni kommúnísku hugmyndafræði.

### Kennsluábendingar

Það getur verið erfitt fyrir nemendur að skilja hvað vakti fyrir kommúnistum með sanngjarni skiptingu. Til að útskýra þetta nánar er hægt að fá nemendur til að skoða mismunandi skilning á réttlæti. Hægt er að tengja hugtakið við orð eins og: þarfir, átök, kyn, menntun eða atvinnu. Til dæmis er hægt að spyrja nemendur: Er það réttlæti að allir hafi sömu laun, óháð því við hvað þeir vinna? Eða kynna eftirfarandi atburðarás fyrir nemendum.

Hugsið ykkur að þið séuð stödd á eyðieyju með tveimur öðrum einstaklingum. Þú fótbrotnar og getur þess vegna ekki hreyft þig. Hinir tveir sem eru með þér þurfa að gera allt; útvega mat, byggja hús og svo framvegis. Er réttlátt að þú fái að búa í húsinu og borða matinn (eða jafn mikinn mat og hinir)? Kennari getur skráð hugmyndir á töfluna eða að nemendur skrái hjá sér hugmyndirnar.

## **Verkmappa**

Verkefni 7 og 8 henta vel sem matsverkefni í verkmöppu.

## **3.2 Tvær byltingar bls. 48–55**

### **Mikilvæg hugtök**

Bylting, kommúnismi, verg landsframleiðsla, áróður og Gúlagið. Verkefni 15, 21, 29 geta hjálpað nemendum að skilja betur hugtökin.

### **Heimildavinna**

Heimildin sem er notuð í verkefni 32 er útdráttur úr dagbók Ninu Lugovskajas og fjallar um daglegt líf í Sovétríkjunum séð með augum ungrar stúlku. Tilgangurinn með verkefninu er að þjálfar nemendur í að lesa, meta og sækja upplýsingar úr skriflegri heimild. Verkefni 32 c leggur áherslu á að nemendur noti þekkingu sína um Sovétríki Stalíns til að túlka heimildirnar. Verkefnið þjálfar nemendur í að skilja heimildir með því að skoða þær í samhengi við þær sögulegu aðstæður sem þær eru sprotnar úr. Til að leysa þetta verkefni er gott að leyfa nemendum að nota *verkefnablað 1*.

### **Tenging við nútímann**

Verkefni 21–24 gefa nemandanum tækifæri til að skilja og útskýra kommúnisma með því að skoða hann í ljósi nútíðar og fortíðar. Dæmi um lönd sem hægt er að nota til gefa mynd af kommúnisma í dag eru Kúba, Norður-Kórea og Kína.

### **Að setja sig í spor annarra**

Í verkefni 25 eiga nemendur að reyna að setja sig í spor þátttakenda í byltingunni við Vetrarhöllina í nóvember 1917. Til að leysa þetta verkefni geta þeir notað það sem stendur á upphafsíðu kaflans og í textanum um byltinguna. Þar sem nemendur þurfa frekari upplýsingar til að semja frásögn sem er samsvarandi því sem raunverulega gerðist 1917 er hægt að hvetja þá til að leita frekari heimilda. Til að leysa þetta er gott að nemendur styðjist við *verkefnablað 3*.

### **Hugmyndafræðin**

Aðaláherslan í þessum hluta er þróun Sovétríkjanna undir stjórn Stalíns. Með því að láta nemendur vinna verkefni 21 þar sem þeir eiga að bera saman kommúnisma Marx og Stalíns geta þeir öðlast betri skilning á hugmyndafræðinni og skýrari hugtakaskilning. Til að leysa þetta verkefni geta nemendur einnig lesið það sem stendur í grunntextanum um kommúnisma Marx og Stalíns.

Það getur verið erfitt fyrir nemendur að skilja á milli kommúnisma sem kenningar og hvernig til tókst í framkvæmd. Til að skýra þetta betur fyrir þeim geta þeir fengið það verkefni að skipta blaði í tvennt með yfirskriftinni, *kenning* og *framkvæmd* á hvorn hluta blaðsins og síðan gert lista í hvorn dálkinn og sett þar það sem þeir telja passa við hugmyndafræði kommúnismans og hvað passar við hvernig hann var í framkvæmd. Til að leysa verkefnið geta nemendur notað það sem stendur í *nærmynd* í a-hlutanum (Karl Marx) og í fyrsta b-hlutanum (Gúlagið, vinnubúðir Sovétríkjanna).

## **Kennsluhugmyndir**

Í *sérsviðsverkefninu* á bls. 52 þjálfast nemendur í að nota netið til að finna og meta netheimildir. Það er mikilvægt að nemendur læri að nota það til heimildaleitar og að beita gagnrýni á þær upplýsingar sem þar er hægt að finna. Hvaða vefsíðum er hægt að treysta? Hvaða vefsíður eru áreiðanlegar heimildir? Hver setur efnið á netið? Þegar nemendur vinna verkefni þar sem þeir eiga að nota netið er hægt að minna þá á þetta verkefni.

## **Verkmappa**

Verkefni 25, 26 og 29 henta vel til að meta verk nemenda í verkmöppu.

## **3.3 Stéttabaráttan á Íslandi bls. 56–61**

### **Mikilvæg hugtök**

Verkfall, verkþann, jafnaðarstefna og verkalýðshreyfing. Heppileg til að þjálf hugtökin eru verkefni 37 og 42.

### **Heimildavinna**

Heimildin í verkefni 43 segir frá hvernig lífið var hjá þeim sem tilheyrðu verkamannastétt. Tilgangurinn með verkefninu er að þjálf nemendur í að lesa, meta og sækja upplýsingar úr skriflegri heimild. Í verkefni 39 eru þeir þjálfadír í að nota töflur sem heimild og í verkefni 40 þurfa nemendur að finna og nota heimildir til að semja frásögn sem hefur samsvörun við sögulegan veruleika. Til að leysa þetta verkefni geta þeir stuðst við *verkefnablað 1*.

### **Tenging við nútímann**

Í verkefni 38 eiga nemendur að vinna með hugtökin stétt og stéttaskipting. Þeir eiga að ræða um hvort Ísland sé stéttskipt þjóðfélag í dag. Tilvalin viðbót við þetta verkefni er að ræða: Tilheyrir fræga fólkið annarri stétt en við hin? Tilheyra stjórnámálemenn eða hinir ríku annarri stétt? Hversvegna/hversvegna ekki?

### **Að setja sig í spor annarra**

Í verkefni 40 eiga nemendur að láta sem þeir séu unglíngar á þriðja og fjórða áratug 20. aldar. Til að leysa þetta verkefni geta þeir notað það sem stendur í bókinni um atvinnuástandið og einnig *verkefnablað 3*.

### **Hugmyndafræðin**

Aðaláherslan í þessum kafla er að skoða þróun verkalýðsstéttar á Íslandi. Með aðstoð Jóhanns jafnaðarmanns er hugmyndafræðin færð til dagsins í dag. Verkefni 37 getur hentað vel til að nemendur átti sig á hvað er líkt og ólíkt með kommúnisma og jafnaðarstefnu.

### **Aðrar kennsluhugmyndir**

Í *sérsviðsverkefninu* á bls. 60 eiga nemendur að nota myndir sem heimildir. Þar þjálfast þeir í að nota aðrar heimildir en texta og læra hvernig hægt er að lesa sögulega atburði út úr myndunum. Þetta verkefni er því nauðsynlegur grunnur fyrir nemendur í allri heimildavinnu.

## **Verkmappa**

Verkefni 39 og 40 henta vel til að meta í verkmöppu.

## **Aukaverkefni**

### **Orsakir rússnesku byltingarinnar**

*Verkefnablað 10.* Hér þurfa nemendur að velta fyrir sér hvers vegna varð bylting í Rússlandi í mars 1917. Hér fá þeir tækifæri til að öðlast skilning á að ekki var hægt að komast hjá rússnesku byltingunni en þar voru margar orsakir sem fléttuðust saman. Með því að meta ólíkar orsakir geta nemendur öðlast dýpri skilning á hvers vegna bylting var óumflýjanleg. Þetta verkefni er tilvalið að útfæra sem hóp- eða paraverkefni þar sem nemendur geta rætt saman um svörin og fært rök fyrir niðurstöðum sínum.

### **Dómínó – stéttabaráttan á Íslandi**

*Verkefnablað 11* er dómínó-verkefni sem tengist stéttabarráttunni á Íslandi. Sjá framkvæmd í kaflanum hér að framan.

### **Sósíaldemókratar og kommúnistar**

*Verkefnablað 12* er kafli úr bók Þórbergs Þórðarsonar, *Bréf til Láru*. Í kaflanum er einföld útskýring á muninum á kommúnistum og sósíaldemókrötum (jafnaðarmönnum) en þessi munur vefst oft fyrir nemendum og getur þetta verkefni hjálpað þeim að skilja stefnurnar betur.

### **1. maí – frídagur verkalýðsins**

*Verkefnablað 13.* Á þingi evrópskra verkalýðsfélaga í París árið 1889 var samþykkt tillaga frá Frökkum um að 1. maí skyldi verða alþjóðlegur frídagur verkafólks og baráttudagur verkalýðshreyfingarinnar. Baráttudaginn átti að nota til fjöldafunda til að fylgja eftir kröfum hreyfingarinnar. Þann 1. maí ár hvert gengur launafólk undir rauðum fánum og leikinn er alþjóðasöngur verkalýðsins, Internasjónalinn. Árið 1923 var fyrst gengin kröfuganga á 1. maí á Íslandi.

Umræður skapast reglulega um hvort upphaflegur tilgangur dagsins hafi glatast. Hvort dagurinn sé orðinn að almennum umkvörtunardegi ýmissa hagsmunahópa. Jafnvel hefur því haldið fram að baráttusamkomur verkalýðsfélaga 1. maí séu tímaskekkja. Við værum öll betur komin í Húsdýragarðinum því baráttudagurinn heyri fortíðinni til. Markmiðið með verkefninu er að fá nemendur til að velta þessum málum fyrir sér og skoða hvaða gildi 1. maí hefur í huga þeirra.

## **Orsakir rússneskur byltingarinnar**

Hvers vegna varð bylting í Rússlandi í mars 1917?

- Matvæskortur
- Keisarin taldi sig hafa fengið vald sitt beint frá Guði
- Leynilögregla keisarans fangelsaði og drap pólitíska andstæðinga og sendi þá í þrælkunarvinnu
- Lítil iðnþróun
- Bókin eftir Marx og Engels; Kommúnistaávarpið
- Fyrri heimsstyrjöldin
- Verfallið í St. Pétursborg 15. mars 1917
- Mikill lífskjaramunur á milli fólks
- Verkamenn sameinuðust í sovét
- Kapítalistarnir arðrændu verkamenn
- Keisarin lét sig litlu skipta hvað almenningur vildi

### **Verkefni**

1. Raðaðu orsökunum á listann hér fyrir neðan eftir því hve mikilvægar þær eru. Settu þá mikilvægustu eftir punkt a, næst mikilvægustu í b, og svo framvegis. Skrifaðu síðan rök fyrir því hvers vegna þú metur þessar orsakir þannig.

- a. \_\_\_\_\_
- b. \_\_\_\_\_
- c. \_\_\_\_\_
- d. \_\_\_\_\_
- e. \_\_\_\_\_
- f. \_\_\_\_\_
- g. \_\_\_\_\_
- h. \_\_\_\_\_
- i. \_\_\_\_\_
- j. \_\_\_\_\_
- k. \_\_\_\_\_

2. Hvaða fullyrðingar eru orsakir og hverjar eru afleiðingar? Skrifaðu „o“ bak við orsakir og „a“ bak við afleiðingar.



## Dóminó – Stéttabaráttan á Íslandi

Verkamannafélag í Reykjavík	Internasjónalinn
Frumstæð og fátæk þjóð	Forseti Alþýðusambandsins 1916

Ísland um aldarmótin 1900	Jón Baldvinsson
Kommúnistar	Verkfall

Atvinnurekendur neita að láta starfsfólk sitt vinna og borga því ekki laun	Vilja jafna kjör landsmanna
Komintern	Verkbann

Alþjóðasamtök kommúnistaflokka	Kommúnistaflokkur Íslands stofnaður
Alþjóðlegur baráttusöngur verkalýðsins	Dagsbrún

Vilja að ríkið eignist öll atvinnufyrirtækin	Pegar starfsfólk neitar að vinna til að knýja fram betri kjör
1930	Jafnaðarmenn

## Sósíaldemókratar og kommúnistar

Textabrot úr bók Þórbergs Þórðarsonar *Bréf til Láru*.

„Ég geri ráð fyrir, að þér leiki forvitni á að vita nokkru ger um stjórnmalaskoðanir mínar. Að vísu gengur þú þess varla dulin, að ég mun vera sósíal-demókrat. Ef til vill grunar þig, að ég sé eitthvað róttækari. Þess vegna býst ég við, að þú spyrjir mig líkt og aðrir: Hvort ertu sósíal-demókrat eða kommúnisti? Ég skal svara spurningu þinni hreinskilningslega. Ég er ekki aðeins sósíal-demókrat. Ég er ekki heldur aðeins kommúnisti. Ég er bæði sósíal-demókrat og kommúnisti.

Nú sé ég þig hrista höfuðið, og ég heyri þig spyrja sjálfa þig: „Hvernig getur eitt mannshöfuð rúmað jafn-greinilegar andstæður?“ Til þess að þú teljir mig ekki algerðan skýjaglop í stjórnmalum, þá verð ég að reyna að gera þér ofurlitla grein fyrir „andstæðunum“.

Sósíal-demókratar og kommúnistar berjast fyrir sömu umbótum á mannfélaginu. Þá greinir alls ekki á um það, hvað eigi að gera. Það, sem þeim kemur ekki saman um er hvernig eigi að gera það. Þeim er eins farið og tveim ferðamönnum, sem leggja á stað landleiðis frá Akureyri til Reykjavíkur. Báðir ætla þeir til Reykjavíkur. En þeim sýnist sitt hvorum um leiðina. Annar þræðir mannabyggðir vestur sýslur, suður um Holtavörðuheiði og niður Borgarfjörð. Hinn fer öræfi og óbyggðir. Sósíal-demókrata og kommúnista greinir því ekki á um takmark, heldur leiðir að takmarki. Með öðrum orðum: Sósíal-demókrati og kommúnismi eru ekki andstæður, heldur *hliðstæður*.“<sup>5</sup>

1. Hvernig finnst þér túlkun Þórbergs á sósíaldemókrötum og kommúnistum samræmast því sem kemur fram í námsbókinni?

---

---

2. Útskýrðu með þínum eigin orðum muninn á þessum tveimur stefnum. Nefndu dæmi.

---

---

---

---

---

---

---

<sup>5</sup> Þórbergur Þórðarson (1974) *Bréf til Láru*. Mál og menning, Reykjavík bls. 135

# 1. maí – frídagur verkalýðsins

Skoðaðu úrklippuna hér fyrir neðan og leystu síðan verkefnin. Þetta er hluti af forsiðu Þjóðviljans frá 1939.<sup>6</sup>

**ÞJÓÐVILJINN**  
 TE. ARGARUKK.      HENTUNADAGUR 01. MAÍ 1939      96 TÖLUBLAÐ

**Allir á Lækjartorg 1. maí kl. 1,30!**  
**Verkalýður og millistéttir Rósur! Mótmælið gegnislækkun og réttindaráni með völdugri kröfugöngu 1. maí**  
 Munið að 1. maí er baráttudagur alþýðunnar fyrir öllu því, sem gefur litinu gildi  
**1. maí er baráttudagurinn fyrir 8 tíma vinnudegi!**

Þetta er heli, helur verkalýðsins þess heli! Þetta er einn af þeim dagum, sem 8 tíma vinnudegi er 1939 áttán. En þú 1. maí! Þetta er heli, helur þess verkalýðsins 8 tíma vinnudegi. Gerð 1. maí 1939 af verkalýðinu þess 8 tíma vinnudegi!

**Heimtið sómasamlegar íbúðir! Burt með pestarbælin er krafu alþýðunnar 1. maí.**  
 Heimtið sómasamlegar íbúðir! Burt með pestarbælin er krafu alþýðunnar 1. maí.

**Allir eitt gegn atvinnuleysinu 1. maí!**  
 Allir eitt gegn atvinnuleysinu 1. maí!

**Gegn fasisma og stríði! Með friði og lýðræði 1. maí!**  
 Gegn fasisma og stríði! Með friði og lýðræði 1. maí!

**Til að sigra í þessari baráttu er eining verkalýðsins og órjúfandi bandalag verkalýðsins og millistéttanna hin brýnasta nauðsyn.**  
**Allir eitt undir fánum verkalýðstélaganna á Lækjartorgi**

**Allir meðlimir Æskulýðsfélaganna í kröfugöngu verkalýðstélaganna**  
 Allir meðlimir Æskulýðsfélaganna í kröfugöngu verkalýðstélaganna

1939. Maí 01. Þjóðviljinninn í Reykjavík 1939.

6 Þjóðviljinn, 4. árg. 98. tölublað. (30.04.1939) bls.1

## 1. maí – frídagur verkalýðsins

1. Skoðaðu vel fyrirsagnir í greininni úr Þjóðviljanum. Hver voru helstu baráttumál verkalýðsins 1939?

---

---

2. Eiga sömu baráttumál við í dag? Hvers vegna/hvers vegna ekki?

---

---

3. Í greininni stendur „Munið að 1. maí er baráttudagur alþýðunnar með öllu því, sem gefur lífinu gildi“ Hvað er átt við með því?

---

---

4. Margir halda því fram að baráttusamkoma verkalýðsfélaganna 1. maí sé tímaskekkja. Baráttudagurinn heyri fortíðinni til og við værum öll betur komin í Húsdýragarðinum. Hvað finnst þér um þessa skoðun?

---

---

---

5. Hefur þú tekið þátt í 1. maí hátíðahöldum? Ef svo er á hvaða hátt?

---

---

---

# Velmegun og kreppa

bls. 62–81

## Markmið

- að skýra orsakir efnahagskreppunnar sem hófst í Bandaríkjunum árið 1929 og sýna dæmi um áhrif hennar í Bandaríkjunum, á Íslandi og annars staðar í heiminum.
- að segja frá atburðarásinni út frá hugmyndafræði frjálshyggjunnar.
- að leita heimilda um þessa atburði, meta þær með gagnrýni og sýna hvernig ólíkar heimildir birta ólíka mynd af sögunni.

## 4.1 Þriðji tugurinn fjörugi bls. 64–71

### Mikilvæg hugtök:

Velferð, færiband, áfengisbann og mafia. Verkefni 1, 4 og 5 henta vel til að þjálfa þessi hugtök.

### Hugmynd að kveikju

Myndin á opnunni sýnir langa röð manna sem standa fyrir framan súpueldhús til að fá ókeypis mat. Biddu nemendur að skoða myndina og lýsa því sem þeir sjá. Ræðið um hvernig veitingastað er um að ræða, hvers vegna nemendur halda að mennirnir standi þarna og hverju halda þeir að maðurinn sem hringurinn er utan um sé að velta fyrir sér. Þetta getur verið grunnurinn að umræðum um hvað sé efnahagsleg kreppa og hvernig fólk upplifir hana. Skoðið ræðu Hoovers forseta í opnukaflanum og notið ræðuna sem kveikju að umræðu með nemendum um hvort hamingjan sé mælanleg í efnahagslegum gæðum.

### Heimildavinna

Í verkefni 18 eiga nemendur að skoða íslenska eldaveðlarauglýsingu. Verkefnið þjálfar nemendur í að skoða hvaða aðferðum er beitt í auglýsingunni til að fá fólk til að kaupa vöruna og velta fyrir sér hvort þannig auglýsing myndi virka í dag.

Í verkefni 19 eiga nemendur að lesa texta þar sem verið er að vara fólk við djasstónlist. Ef nemendur velja að vinna þetta verkefni gæti verið fróðlegt að láta þá tala við foreldra sína eða aðra fullorðna um skoðanir þeirra á þeim tónlistastraumum sem eru vinsælir í dag. Hægt er að nota *verkefnablað 1* í tengslum við þessi verkefni.

### Kennsluhugmyndir

Það er mjög gott að láta nemendur vinna verkefni 15 (bls.70) áður en þeir byrja að lesa kaflann. Í verkefninu eiga nemendur að fá innsýn í daglegt líf fólks þegar hvorki var rennandi vatn né rafmagn á heimilum.

Það fellur vel að efninu að sýna nemendum myndina *Nútíminn* eftir Charlie Chaplin eða hluta af henni og ræða síðan innihald hennar og tengja við þann tíma sem þeir eru að læra um. Myndina er hægt að finna á Youtube og finnst undir leitarorðinu *Modern times* og Charlie Chaplin.

### Verkmappa

Verkefni 13 hentar vel sem matsverkefni í verkmöppu.

## 4.2 Kreppan bls. 72–76

### Mikilvæg hugtök

Hlutabréf, kauphöll, framboð og eftirspurn. Verkefni 20, 21 og 31 eru vel til þess fallin til að auka skilning á þessum hugtökum.

### Verkmappa

Verkefni 32–34, 37 og 39 henta vel til að meta í verkmöppu.

## 4.3 Leiðin út úr kreppunni bls. 77–81

### Hugmyndafræði

Aðaláherslan í þessum kafla er á frjálshyggjuna. Það er Fríða frjálslynda (bls. 77) sem leiðir nemendur í gegnum hugmyndafræði frjálshyggjunnar. Í verkefni 36 er nemendum gefið tækifæri á að vinna með hugtökin frjálshyggja og kommúnismi og hvað aðskilur þessar stefnur.

### Aukaverkefni

*Verkefnablað 14*

Hvað geta ólíkar heimildir sagt okkur?

Markmiðið með verkefninu er að æfa nemendur í að nota ólíkar heimildir og meta þær á gagnrýninn hátt. Nemendur fá tækifæri til að skilja að mismunandi heimildir geta gefið ólík svör við sömu spurningum og sumar heimildir eru betur til þess fallnar að svara ákveðnum spurningum en aðrar. Nemendur þjálfast í að skilja hvernig sagnfræðingar nota frumheimildir til að afla sér þekkingar og hvaða takmarkanir slíkar heimildir geta haft.

**Framkvæmd:** ljósritaðu eitt eintak af verkefnablaði 14 fyrir tvo til þrjá nemendur. Það getur verið mismunandi hve lengi nemendur eru að ræða sig fram á lausn en flestir þurfa 20–25 mínútur. Á eftir geta hóparnir sest saman með einum eða tveimur öðrum hópum og rætt niðurstöður sínar eða kennarinn getur safnað öllum nemendum saman og tekið umræðuna með öllum bekknum.

### Dómínó

*Verkefnablað 15.* Sjá framkvæmd hér að framan.

### Velmegun og kreppa

*Verkefnablað 16.* Hér fá nemendur tækifæri að reyna á kunnáttu sína úr kaflanum.

### Tískan

*Verkefnablað 17.* Nemendur eiga að lesa grein úr *Alþýðublaðinu* frá 1921. Hægt er að láta þá finna myndir á netinu um tískustrauma sem voru ríkjandi á þessum tíma. Hér gefst líka tækifæri til að vinna meira með efnið. Nemendur geta fundið heimildir um tískustrauma frá ýmsum tímabilum og borið þá saman. Hvað einkennir tiskuna á hverju tímabili? Tengist tiskan þeim tíðaranda og þjóðfélagsástandi sem er á hverjum tíma? Hvers vegna breytist tiskan svona ört?

Flestir nemendur hafa einhvern áhuga á tisku og eru oft forvitnir um tisku fyrri ára. Það getur því verið fróðlegt að fá sjónarhorn annarra á þeirri tisku sem ríkir hjá þeim sjálfum. Láttu nemendur taka viðtal við einhvern af eldri kynslóðinni (ömmu/afa) og fá þeirra álit á tiskunni í dag. Nemendur geta síðan borið saman niðurstöður sínar með öllum bekknum.

## **Hvað geta ólíkar heimildir sagt?**

Myndið hópa tvö til þrjú saman. Lesið bréfið til Bandaríkjaforseta á bls. 75 í námsbókinni. Lesið síðan frásögnina um upplifun unga mannsins á tímum kreppunnar í Bandaríkjunum á bls. 76.

1. Hvers konar heimildir eru þetta? Eru þetta vottar- eða sagnarheimildir? Rökstyddu svarið.

---

---

2. Hverjum af spurningunum hér fyrir neðan, henta þessar tvær heimildir best til að svara og hvers vegna?

a. Á hvern hátt var erfitt hjá sumum eftir hlutabréfahrunið 1929?

---

b. Var mikið atvinnuleysi í Bandaríkjunum á þriðja áratug síðustu aldar?

---

c. Hvernig lýsa sumir Bandaríkjamenn hversdagsleikanum á þriðja áratugnum?

---

d. Voru margir sem sultu í kreppunni í Bandaríkjunum?

---

e. Á hvern hátt reyndi fólk að fá hjálp til að útvega sér mat?

---

f. Höfðu sumar manneskjur það erfiðara en aðrar?

---

g. Hvers konar matvöru borðaði fólk mest af vegna þess að hún var ódýrust?

---

3. Hve áreiðanlegar eru þessar heimildir? Rökstyðjið svarið. Notið gjarnan verkefnablað 1 þegar þið vinnið með þessar heimildir.

---

4. Hvers konar heimildir getur sagnfræðingur notað til að finna svar við þeim spurningum sem þessar tvær heimildir geta ekki svarað?

---

## Dómínó – Velmegun og kreppa

Ný tækni til að framleiða vörur hraðar en áður	Ólöglegir barir í Bandaríkjunum á þriðja áratugnum
The roaring twenties	Mafía

Hugmyndafræði sem leggur áherslu á frelsi einstaklingsins	Hugtak sem lýsir þriðja áratugnum í Bandaríkjunum
Franklin D. Roosevelt	Hópur í samfélaginu sem ekki fékk tækifæri til að taka þátt í góðærinu í Bandaríkjunum

Orð sem er notað um skipulagða glæpastarfsemi	Forseti Bandaríkjanna
Hlutabréf	Færibandið

Bændur og svartir Bandaríkjamenn	Eignarhluti í fyrirtæki
Bann sem leiddi til aukinnar glæpatíðni í Bandaríkjunum	Verð á hlutabréfum féll

Áfengisbannið samþykkt 1920	Svarti þriðjudagurinn 29. október 1929
Al Capone	Kauphöll

Þekktur glæpaforingi í Bandaríkjunum á þriðja áratugnum	Staður þar sem kaup og sala hlutabréfa fer fram
„Speak easies”	Frjálshyggja



## Velmegun og kreppa

Notaðu töfluna hér fyrir neðan til að prófa kunnáttu þína úr öllum kaflanum á bls. 63–81. Vinnið í pörum. Veljið spurningar úr hverjum flokki og hvaða þyngdarstigi þið ætlið að svara. Erfiðustu spurningarnar gefa flest stig. Þegar öllum spurningum sem þið völduð hefur verið svarað farið þið yfir svörin með hjálp námsbókar. **Fyrir rangt svar dragast 5 stig frá heildarstigafjöldanum í lokin.**

Efni	Áfengisbannið	Kreppan	Velmegun
<b>Þyngdarstig 1</b> 10 stig	Hvenær gekk áfengisbannið í gildi á Íslandi?	Hvenær barst kreppan til Íslands?	Hver var Charlie Chaplin?
<b>Þyngdarstig 2</b> 20 stig	Hvers vegna var áfengisbanninu aflétt á Íslandi?	Hvað er súpueldhús?	Hvar var hægt að kaupa Rafha rafmagnseldavélar á Íslandi samkvæmt auglýsingu í námsbók?
<b>Þyngdarstig 3</b> 30 stig	Hvað var „speak easy?“	Hvað gerðist á „svarta þriðjudeginum?“	Hvaða þjóðfélagshópar nutu ekki velmegunarinnar í Bandaríkjunum?
<b>Þyngdarstig 4</b> 40 stig	Hver var Bernardo Provenzano?	Hvenær var lokið við að byggja kauphöllina í New York?	Hvaða samgöngutæki var nýjung á Íslandi á milli-stríðsárunum?

## Tískan

Hér fyrir neðan er hluti greinar sem birtist í Alþýðublaðinu þann 15. ágúst 1921<sup>7</sup> og lýsir tískunni í Reykjavík á þeim tíma. Lestu greinina og leystu síðan verkefnið sem fylgja.

### Tískan

„Hún er skritin tízkan hér í höfuðstað Íslands og ekki síður dutlungasöm, en annarsstaðar í heiminum. Hún er hér engin samfeld heild, heldur brota-brot úr heimstízkunni, tínd saman eins og glerbrot á öskuhaug, og raðað saman í undarlegar ósamstaður og í barnalegri einfeldni. Öllu ægir saman. En stingur óhófið allt of mikið í stúf ... Er þetta er tízka? Vitanlega; en hvaðan er hún fengin? Er *hún* frá sannmentuðu erlendu fólki komin? Nei, ónei. Hún á ætt sína að rekja til ómentaðra „gullax“. kvenna og kvenna, sem lifa á því að líta vel út. Þeir, sem í Höfn hafa verið kannast við þær af »Strikin«.

Stutta kjóla hefi eg ekkert að setja út á. Þeir fara mörgum stúlkum vel, en þó ekki öllum. Vöxturinn þarf að vera lýtalaus, svo þeir ekki verði afskræmi. En það er einn síður miður vel rómaðra kvenna erlendis, sem fullmikið ber á hér á götum Rvíkur, og sem oss ungum mönnum þykir meira enn leitt, að kornungar, saklausar stúlkur skuli vegna vankunnáttu sinnar taka svo mjög upp. „Hún er máluð þessi! Já, og þessi er »púðruð«!» var sagt fyrir nokkuru síðan, ef kvenmaður þannig á sig kominn sást. Nú er þetta að verða svo algengt, að menn ypta bara öxlum og glotta. En þetta er í raun og veru alvarlegt. Með öllu því dóti, sem stúlkurnar bera framan í sig, jafn vel áður en þær eru komnar úr barnaskólanum, eyðileggja þær hörundið og verða gráar og myglulegar áður en þær verða tvítugar. Því gera þær þetta þá? Af því þær vita ekki betur.

Alt duft og allur litur spillir hörundinu og gerir það ljótt, þess vegna á enginn kvenmaður, sem vill líta út eins og síðuðum mönnum sæmir, að nota slíkt. Villimenn mála sig og skreyta á ýmsan hátt með litum; en mentaðir Evrópumenn gera það ekki. Erlendar vændiskonur nota allskonar duft og liti til að blekkja viðskiftamennina, en síðprúðar heimasætur gera það ekki.

Ungar íslenskar stúlkur eiga ekki að semja sig að síð þessa fólks. Þær eiga heldur að iðka fimleika úti og inni, sund og göngur. Þá mundu þær fá fallett hörund og eðlilegra, en það sem spilt er af allskonar óþverra, er þær bera framan í sig.”

- a. Hverja telur höfundur greinarinnar móta tískuna? En þú, hver ákveður hvað er í tísku á hverjum tíma?

---

---

---

<sup>7</sup> Alþýðublaðið, 3. árg. 185. tölublað (15.05.1921) bls. 1–2

b. Hvað ætli höfundur eigi við þegar hann talar um „sannmentað erlent fólk?“

---

---

---

---

c. Hvers konar viðhorf koma fram hjá höfundi um „make-up?“

---

---

---

---

---

---

---

d. Hver gæti hafa skrifað þessa grein? Karl/kona, á hvaða aldri? Á hverju sérð þú það?

---

---

---

---

# Allt vald til foringjans

bls. 82–105

## Markmið

- Segja frá dæmum um hugsanir og atburði sem spretta af hugmyndafræði fasisma og nasisma og sýna hvernig þessi hugmyndakerfi höfðu áhrif á framvindu sögunnar í Evrópu á fjórða áratugnum.
- Finna heimildir um þessa atburði, meta þær á gagnrýninn hátt og sýna hvernig ólíkar heimildir birta ólíkar myndir af sögunni.

## 5.1 Þýskaland nasismans bls. 84– 91

### Hugmynd að kveikju

Flestir nemendur hafa heyrt minnst á Hitler og nasisma. Biddu þá um að skrifa niður að minnsta kosti fjóra hluti sem þeir tengja við Hitler og nasismann. Skrifaðu svör nemenda á töfluna og ræðið saman. Einnig er hægt er að nota myndina í opnunni bls. 82–83 og tengja spurningunni: „Hvað var það sem fékk svona marga til að hrífast og styðja við það sem nasistarnir sögðu og gerðu?“, til að koma af stað umræðum.

Einnig væri hægt að sýna nemendum brot úr frægustu ræðu Hitlers og rýna með þeim í ræðutækni hans. Hvernig hann notaði þagnir, byrjaði lágt og endaði öskrandi og fékk alla til að dást að orðum sínum. Hvernig hann notaði stílhreina umgjörð og notaði tákn til að beina athyglinni að sjálfum sér og málstað sínum. Það var m.a. ræðutækni hans og stóryrði og óhikandi trú hans á sjálfan sig sem frelsara hinnar þýsku þjóðar (ef ekki heimsins) sem vinsældir hans byggðu á. Þetta á jafnvel enn betur við í: Leið Hitlers til valda.

### Mikilvæg hugtök

Antisemitismi, kynþáttahyggja, áróður og nasismi. Verkefni 2–4 og 10 henta vel til að við vinna með þessi hugtök.

### Heimildavinna

Í verkefnum 11 og 12 eiga nemendur að lesa og sækja upplýsingar úr heimildum.

Verkefni 13 fjallar um að lesa og meta hvort um vottarheimild eða sagnarheimild er að ræða og nemendur eiga að nota upplýsingarnar til að skrifa eigin texta.

Í verkefni 15 eiga nemendur að túlka ljóð og í verkefni 16 eiga þeir að túlka áróðursteikningu. Þetta verkefni passar vel til að vinna með verkefni 17 þar sem nemendur eiga að skoða sömu mynd til að gera sína eigin mynd með andstæðum boðskap.

### Tenging við nútímann

*Nærmyndin* á bls. 86 fjallar um nýnasisma. Verkefni 7 er vel til þess fallið að koma af stað umræðum um nýnasista og hvað vakir fyrir þeim.

### Hugmyndafræðin

Aðaláherslan í þessum kafla er á hugmyndafræði nasisma. Þar varpar Niels nasisti (bls. 85) ljósi á hugmyndafræði nasismans. Verkefni 9, 11, 14 og 16 hjálpa nemendum að gera sér betur grein fyrir meginatriðum í hugmyndafræði nasismans.

### Kennsluábendingar

Í sambandi við spurninguna í kveikjunni í byrjun kaflans: „Hvað var það sem fékk svona marga til að hrífast og styðja það sem nasistarnir sögðu og gerðu?“ getur verið áhugavert að ræða hugtakið „að hafa áhrif á“ með nemendum.

Í sama tilgangi er hægt að sýna nemendum myndina „The Wave“ eftir Alexander Grasshoff frá 1981. Hún fjallar um bandarískan kennara sem framkvæmir tilraun til að fá nemendur til að skilja hvernig stóð á því að svo margir Þjóðverjar urðu hliðhollir Hitler og fylgdu hugmyndafræði nasismans.

### **Verkmappa**

Verkefni 8, 13 og 17 eru vel til þess fallin að meta í verkmöppu.

## **5.2 Leið Hitlers til valda bls. 92– 95.**

### **Mikilvæg hugtök**

Verðbólga og ríkiskanslari. Verkefni 18 og 23 henta vel til að æfa hugtökin.

### **Hugmyndafræði**

Í verkefnum 27 og 28 eiga nemendur að skrifa texta (bréf) út frá sjónarhorni nasismans. Það getur verið fræðandi að skipta nemendum í tvo hópa og láta annan hópinn leysa verkefni 27 en hinn verkefni 28. Þegar þeir hafa lokið við verkefnið lesa hóparnir bréfin fyrir nemendur sem voru með andstæð sjónarhorn. Þetta getur verið góður grunnur að umræðum með bekknum. Hægt er að nota *verkefnablað* 3 til aðstoðar í þessari vinnu.

### **Verkmappa**

Verkefni 25 og 27–29 henta vel til að meta í verkmöppu.

## **5.3 Fasismi bls. 96–100**

### **Hugmyndafræðin**

Aðaláherslan í þessum kafla er á hugmyndafræði fasista. Til að skerpa skilning nemanda er gott að láta þá vinna verkefni 36 þar sem þeir eiga að bera saman hugmyndafræði fasismans og nasismans og greina muninn á þessum tveimur hugmyndastefnum.

### **Verkmappa**

Verkefni 35 henta vel til að meta í verkmöppu.

## **5.4 Enginn stöðvar harðstjórana bls. 101–105**

### **Heimildavinna**

Í verkefni 53 eiga nemendur að túlka skopmynd af Hitler og Stalín. Tengdu þetta við umræðuverkefni 46. Talið gjarnan um hugmyndafræðina í þessu samhengi. Verkefni 52 þjálfar nemendur í að meta vefsíður sem heimildir. Gott er að rifja upp með nemendum hvað þarf að hafa í huga þegar unnið er með heimildir af netinu (sjá nánar bls. 52 í námsbók).

### **Hugmyndafræðin**

Í verkefni 51 eiga nemendur að skapa sögulega atburðarás út frá ákveðinni hugmyndafræði. Þeir eiga að búa til forsiðu á dagblaði frá 1938 eða 1939, velja eina atburðarás sem sagt er frá í bókinni, velja þjóðerni blaðsins og hugmyndafræðilega skírskotun. Það er kostur að hafa unnið með hugmyndafræðina áður með því að láta nemendur vinna *verkefnablað* 2. Talið gjarnan við nemendur um hvernig dagblöð á þessum tíma litu út. Það voru færri og smærri myndir heldur en eru í dagblöðum í dag, fyrirsagnirnar voru minni og það var meiri texti á forsiðunni. Á þessum tíma var líka venja að dagblöð fylgdu ákveðinni hugmyndafræði. Þau voru oft málöggn stjórnmálaflokka.

## Önnur verkefni

Í þessum kafla er ekki tímaás í bókinni en hvatt til þess að nemendur (verkefni 50) geri hann sjálfir. Hægt er að útbúa stóran tímaás í kennslustofuna sem nær yfir árin 1937–1945. Þar geta nemendur fyllt inn fleiri atburði sem koma í næstu köflum.

## Aukaverkefni

*Verkefnablað 18*

Hvaða tegund heimilda hentar best?

Nemendur fá tækifæri til að kynna því að mismunandi tegundir heimilda geta gefið svör við ólíkum spurningum og að sumar henta betur en aðrar til að svara spurningunum.

**Framkvæmd:** Þetta er hóp- eða paraverkefni. Ljósritið eintak af verkefnablaði 19 fyrir 2–3 nemendur. Nemendur þurfa að ræða saman og komast að sameiginlegri niðurstöðu.

## Dómínó

*Verkefnablað 19.* Sjá fyrirmæli frammar í kennsluleiðbeiningum.

## Kortavinna

*Verkefnablað 20*

Nemendur fá kort af Evrópu og eiga að merkja inn Þýskaland með einum lit og þau lönd sem voru innlimuð í Þýskaland 1938 með öðrum lit. Sjá nánar verkefni 50 bls. 104 í námsbók.

## Íslenskir þjóðernissinnar

*Verkefnablað 21.* Þjóðernishreyfing Íslendinga var þjóðernissinnaður flokkur og var stofnaður 1933. Markmið hreyfingarinnar var að efla íslenska menningu á þjóðlegum grundvelli og einnig að vernda kynstofn Íslendinga. Koma átti í veg fyrir að útlendingar settust að á Íslandi nema í undantekningartilfellum. Þjóðernissinnar litu á kommúnista sem sína erkióvini. Láttu nemendur lesa greinina og leysa verkefni. Gott er að ræða við þá um tengingu þjóðernissinna við hugmyndir nasisma.

## Fyrsti flóttamaðurinn á Íslandi

*Verkefnablað 22.* Í verkefninu eiga nemendur að hlusta á viðtal við Mikael Fransson á vef Miðstöðvar munnlegrar sögu [www.munnlegsaga.is](http://www.munnlegsaga.is). Á vefnum er mikið af áhugaverðu efni sem hentar vel til að styðja við kennslu í sögu. Til að vinna þetta verkefni þurfa nemendur að hafa aðgang að tölvu. Það gæti því hentað vel sem samvinnuverkefni með kennara í upplýsingatækni.

## Ítarefni fyrir kennara

*Vefefni*

Hér fyrir neðan eru tvö bresk vefsvæði með fjölda ólíkra frumheimilda um áróður nasista og mörg dæmi um hvernig þeir settu fram áróðurinn. Þar eru einnig margar góðar hugmyndir sem hægt er að nota í kennslu.

<http://www.calvin.edu/academic/cas/gpa/> Þetta svæði heitir „German Propaganda Archive“ og þar er að finna dæmi um þýskan áróður frá 1933–1945.

[http://www.bbc.co.uk/history/worldwars/wwtwo/nazi\\_propaganda\\_gallery.shtml](http://www.bbc.co.uk/history/worldwars/wwtwo/nazi_propaganda_gallery.shtml) Vefsvæði sem sýnir sex dæmi um þýskan áróður, með athugasemdum frá sagnfræðingnum David Welch

## **Hvaða tegund heimilda hentar best?**

Myndið hópa 2–3 saman. Ímyndið ykkur að þið séuð sagnfræðingar og þurfið að fá frekari upplýsingar um millistríðsárin í Þýskalandi. Hvað af heimildunum í kaflanum henta best til að svar þessum spurningum hér fyrir neðan? Rökstyðjið svörin og reynið að komast að samkomulagi um lausn byggða á rökum.

- Hvað skoðun hafði Hitler á kynþáttahyggju?
- Hvernig var efnahagsástandið í Þýskalandi á þriðja áratug síðustu aldar?
- Hvað fólst í hugmyndafræði nasismans?
- Hve mikið var atvinnuleysið í Þýskalandi í lok annars og byrjun þriðja áratugarins?
- Á hvern hátt reyndu nasistar að hafa áhrif á Þjóðverja og fá þá til að hugsa eins og þeir óskuðu?
- Hve mörg prósent af þjóðinni kaus nasistaflokkinn?
- Hvernig voru fjöldafundir nasista skipulagðir?
- Hvernig upplifði hinn venjulegi gyðingur það sem gerðist kristalsnóttina?

Nemendur mynda hóp og ræða hvað kom fram hjá þeim. Komust þeir að sömu niðurstöðu?

## Dóminó – Allt vald til foringjans

Mein Kampf	Sturm-Abteilung (SA)	Eþíópía
Antisemitismi	Ríkiskanslari	Landið sem Þjóðverjar sigruðu 1939

Hugtak sem er notað um gyðingahatur	Þýska orðið yfir forsætisráðherra	Tékkóslóvakía
Hugmyndafræði sem var full af kynþáttafordómum	Benito Mussolini	Kveikjan að upphafi síðari heimsstyrjaldar


Nasismi	Leiðtogi fasistaflokksins á Ítalíu	Þýskaland ræðst inn í Pólland
Tákn sem gyðingar voru skyldugir til að bera í Þýskalandi á tímum Hitlers	Flokkur þjóðernissinna	Forsætisráðherra Breta

Gula daviðsstjarnan	Íslensk endurreisn	Neville Chamberlain
Kristalsnóttin	Guernica	Leiðtogi fasistaflokksins í Noregi

Nóttin milli 9 og 10. nóvember 1938 í Þýskalandi	Málverk sem lýsir grimmdinni í spænsku borgarastyrjöldinni	Vidkun Quisling
Einkaher nasistaflokksins	Land í Afríku sem Ítalir réðust inn í 1935	Bókin sem Hitler skrifaði og varð upphafið af hugmyndafræði nasista



## Evrópukort



## Íslenskir Þjóðernissinnar

Eftirfarandi grein birtist í blaðinu *Íslenskri Endurreisn* 23. september 1933. Lesið vel yfir greinina og vinnið síðan verkefnið sem fylgja.



### Betrunarstöðvar

Hin nýja stjórn í Þýskalandi hefir látið hendur standa fram úr ermum, síðan hún tók við völdum. Hún setti sjer það takmark í upphafi, að hreinsa rækilega til, á sviði hins opinbera lífs. Rannsókn var hafin á fjárreiðum fjölmargra stofnana og hefir margt ófagurt komið í dagsljósið. Er það næsta ótrúleg spilling og fjárdráttur, sem þrífist hefir á nær öllum sviðum, undir stjórn vinstriflokkanna.

Nýlega voru ýmsir helstu starfsmenn þýska útvarpsins teknir fastir og sakaðir um óheiðarlega meðferð á fje fyrirtækisins. Höfðu þeir aðallega hugsað um að auðga sjálfa sig, en látið velferð útvarpsins sitja á hakanum.

Stigamenn þessir og „pólítískir fangar“, þ.e. Kommúnistar, sem sífelt sitja á svikráðum við land sitt og þjóð, eru fluttir á svokallaða „Koncentrasionslager“. Það eru betrunarstöðvar í útjöðrum borganna, þar sem auðnuleysingjum þessum er haldið að starfi og reynt að gera þá að heiðarlegum mönnum. Dunda þeir þar við ýmiskonar vinnu, smíða, rækta jörðina o.s.frv. Meðferð fanganna er í alla staði hin mannúðlegasta. En mörgum þeirra lætur ekki vinna sem best, enda er það ekki ótrúlegt, þegar þess er gætt, að hjer er um menn að ræða sem lifað hafa á lýðæsingum og rógi og gerst snikjudýr hinna vinnandi stjetta. Sumir hafa flúið land og í útleðinni hafa þeir reynt að breiða út óhróðurssögur um betrunarstöðvarnar, sem vitanlega hafa fallið í frjósaman jarðveg hjá óvinum hins nýja Þýskalands og jábræðrum þeirra í trúnni á Karl Marx og Lenín.

Við Íslendingar höfum sannarlega brýna þörf fyrir aukið hreinlæti í opinberu lífi. Hjer eru ýmsir þeir menn, sem hefðu gott af að komast í kynni við betrunarstöðvar eftir þýskri fyrirmynd. Vinnuhælið að Litla-Hrauni væri ekki illa til þess fallið að hýsa þá þokkapilta. Höfundur þeirrar stofnunar, Jónas Jónsson frá Hriflu, yrði að sjálfsgöðu fyrsti gesturinn og síðan lið það, sem honum er handgengnast, útvarpstjóri o.fl. Þar mundu og fá ókeypis upphald þeir, sem stóðu fyrir árásinni á bæjarstjórnarfundinum sællar minningar og Þóroddur nokkur Guðmundsson, sem nú nýsked stóð fyrir því, að stjórnarfáni Þjóðverja var svívirtur.

Það ber vott um spillingu og vítavert kæruleysi þeirra, sem með völdin fara, að mestu skaðræðisgripir þjóðfélagsins skuli látnir ganga lausir. Það er skylda ríkisvaldsins, að gera þá menn óskadlega, sem berjast á móti velsæmi, menningu og aukinni velmegun þegnanna. Og það er ekki ósennilegt að menn verði óþægilega mintir á þennan sannleika fyr en varir. <sup>8</sup>

8 *Íslensk Endurreisn*, 1. árg. 20. tölublað (23.sept. 1933), bls. 1

## Íslenskir þjóðernissinnar

1. Helstu óvinir íslenskra þjóðernissinna voru kommúnistar. Hvers vegna heldur þú að þeir hafi verið svona á móti kommúnistum?

---

---

---

2. Skoðaðu vel bls. 86 í námsbókinni og berðu saman við greinina. Er eitthvað sameiginlegt með þeim viðhorfum sem koma þar fram?

---

---

---

3. Nafnið á blaðinu er Íslensk Endurreisn, af hverju ætli það nafn hafi verið valið?

---

---

4. Hvernig heldur þú að þessar betrunarstöðvar hafi verið miðað við lýsinguna í greininni? En miðað við það sem við vitum í dag um fangabúðir nasista?

---

---

---

5. Í lok greinarinnar segir höfundur „Og það er ekki ósennilegt að menn verði óþægilega mintir á þennan sannleika fyr en varir.“ Hvað á hann við? Hvernig túlkar þú þessi ummæli?


---

---

---

## Fyrsti flóttamaðurinn á Íslandi Mikael Fransson

Miklos Tölgyes er fæddur í Ungverjalandi 17. október 1935. Í dag býr hann á Íslandi og heitir Mikael Fransson. Mikael kom hingað til lands á Þorláksmessu árið 1956 í hópi 52 flóttamanna sem höfðu fengið pólitískt hæli á Íslandi eftir misheppnaða uppreisn gegn stjórn kommúnista í Ungverjalandi. Á vef Miðstöðvar munnlegrar sögu er hægt að hlusta á frásögn Mikael. En munnleg saga er mikilvæg aðferð í sagnfræði sem felst í því að afla sögulegrar þekkingar með viðtölum við fólk sem hefur tekið þátt í eða þekkir til þeirra atburða sem verið er að rannsaka. Munnlegar heimildir gefa okkur oft meiri upplýsingar en ritaðar heimildir t.d. með raddblæ og upplifun viðmælandans og nánari útskýringum en hægt er að lesa úr textanum. Þannig verður sagan lifandi. Veltið fyrir ykkur hvort munnlegar heimildir eins og hér er um að ræða séu vottar- eða sagnarheimildir.



### Verkefni

Vinnið 2–3 saman.

Farið inn á vef Miðstöðvar munnlegrar sögu [www.munnlegsaga.is](http://www.munnlegsaga.is) Þar finnið þið tengil á síðuna um Mikael. Hlustið á frásögnina og lesið það sem stendur um lífshlaup hans. Þið eigið síðan að skrifa dagblaðsgrein um flóttu Mikael frá Ungverjalandi þar sem þið notið viðtölin sem heimild. Notið eftirfarandi punkta til aðstoðar:

- Hvernig lýsir Mikael upplifun sinni á stríðsátökum?
- Hvernig tókst honum að flýja frá Ungverjalandi?
- Hvernig leið honum eftir flóttann?
- Hvernig var ástandið í flóttamannabúðunum?
- Hvers vegna endaði hann á Íslandi?

# Stríðið sem kom við alla

bls. 106–139

## Markmið

- Segja frá síðari heimsstyrjöldinni sem meiri háttar ófriði á 20. öld og greina frá orsökum hennar og afleiðingum.
- Leita að heimildum um síðari heimsstyrjöldina, meta þær með gagnrýni og sýna hvernig ólíkar heimildir geta sagt söguna á ólíkan hátt.

## 6.1 Síðari heimstyrjöldin bls. 108–117

### Hugmynd að kveikju

Notið myndina á opnu106–107 og ræðið um hvað nemendur sjá á myndinni. Hér hefur verið valin mynd af sprengiflugvél séð ofan frá. Sprengiflugvélar voru teknar í notkun í fyrri heimstyrjöldinni en voru nú nýttar óspart í síðari heimsstyrjöldinni og ein af orsökunum fyrir því hve margir óbreyttir borgarar létu lífið. Stríðið var ekki lengur háð á vígvöllum heldur allsstaðar. Enginn staður var óhultur.

### Mikilvæg hugtök

Hernema, hernám og skipalest. Verkefni 2, 3 og 4 henta vel til að þjálf þessi hugtök.

### Heimildavinna

Ein heimildin í þessum kafla er ljóð og verkefni 18 fjallar um að túlka það. Hér gefst gott tækifæri fyrir þverfaglega vinnu með íslenskukennurum. Einnig að vinna með fleiri ljóð um síðari heimsstyrjöldina. Má til dæmis sýna nemendum *Þrjú ljóð um lítinn fugl* eftir Tómas Guðmundsson (Tómas Guðmundsson, Ljóðasafn (1961), 185–187). Þeim lýkur á þessari ósk:

Og drottinn veit, ég vildi að slíkri jörð  
sem vorri yrði breytt, fyrst svona gengur,  
í bústað fyrir börn og óðinshana.

Í verkefni 19 eiga nemendur að meta tilganginn með ræðu Churchills. Á vefsvæði BBC er hægt að hlusta á ræðuna, meðal annars þann hluta sem er í námsbókinni.

[http://www.bbc.co.uk/history/worldwars/wwtwo/churchill\\_audio\\_01.shtml](http://www.bbc.co.uk/history/worldwars/wwtwo/churchill_audio_01.shtml)

### Kennsluáþendingar

Hluti af verkefnum í þessum kafla getur verið tímafrekur. Möguleiki er að láta nemendur vinna í þremur hópum með ólík verkefni þannig að einn hópurinn geri myndskreyttan tímaás sem hægt er að hengja upp í kennslustofunni (verkefni 13) annar hópurinn teikni stórt Evrópukort (verkefni 17) og sá þriðji útbúi myndaröð í tölvu (verkefni 14).

## 6.2 Helförin bls. 118–125

### Mikilvæg hugtök

Helförin, þjóðarmorð, gettó og fangabúðir. Verkefni 21, 26 og 35 eru vel til þess fallin að auka skilning á þessum hugtökum.

### Tenging við nútímann

Verkefni 30–32 gefa nemandunum möguleika á að sjá samhengið milli fortíðar og nútíðar með því að velta fyrir sér misnotkun sögunnar og þýðingu minnismerkja. Myndir af minnismerkjum í bókinni, t.d. á bls. 21 og 120, geta verið innlegg í þetta verkefni. Á netinu er hægt að finna mörg dæmi um minnismerki. Nemendur geta notað leitarsíður og leitað að myndum af minnismerkjum.

## **Kennsluábingar**

Í verkefni 31 eiga nemendur að skoða hvernig hægt er að falsa söguna. Grunnurinn er fullyrðing David Irvings um að helförin hafi aldrei átt sér stað. Til að skilgreina fullyrðingu Irvings og hvetja nemendur til að vinna þetta verkefni er hægt að vinna með heimildir um réttarhöldin þar sem Irving var dæmdur fyrir að neita helförinni.

Skoðið til dæmis greinarnar á vef Morgunblaðsins:

<http://mbl.is/greinasafn/grein/1067630/> <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1067569/>.

Hin svokallaða *hlýðniltraun Miligrams* getur útskýrt hvernig hægt er að fá fólk til að gera hræðilega hluti. Árið 1963 gerði sálfræðingurinn Stanley Milgram tilraun þar sem þátttakendur voru beðnir um að kalla fram sársauka hjá annarri manneskju eftir skipun þess sem stjórnaði. Tilraunin sýndi að fólk var viljugt til að ganga langt einungis vegna þess að stjórnandinn gaf skipun og taldi þátttakendum trú um að þetta væri í lagi. Hægt er að kynna sér nánar þessa tilraun á fjölda síðna á netinu. Hún getur verið kveikja að umræðu um hve langt manneskjan er tilbúin að ganga fyrir jákvæða endurgjöf frá „mikilvægri“ persónu. Hve mikinn sannfæringarkraft hefur persóna sem við upplifum sem mikilvæga? Hve langt erum við tilbúin að ganga til að halda góðu sambandi og vera viðurkennd af þeim sem við teljum mikilvæga?

## **6.3 Líf í hernumdum löndum bls. 126–134**

### **Mikilvæg hugtök**

Hernám, skömmtunarseðlar, fullveldi, andspyrnuhreyfing, skemmdarverk og ástandið. Verkefni 37, 39 og 44 eru vel til þess fallin til að æfa hugtökin.

### **Heimildavinna**

Í verkefni 48 eiga nemendur að vinna í hópum og bera saman hernám Þjóðverja í Noregi og hernám Breta á Íslandi.

## **6.4 Tími uppgjörans bls. 135 - 139**

### **Mikilvæg hugtök**

Stríðsglæpir, stríðslæpamenn og landráð. Í verkefni 54 og 56 eiga nemendur að vinna með þessi hugtök.

### **Heimildavinna**

Í verkefni 60 eiga nemendur að nota netið til að finna heimildir. Gott er að rifja upp með þeim hvernig við metum heimildir á netinu. Verkefni 61 hvetur nemendur að leita heimilda út fyrir námsbókina. Þeir þjálfast í að leita og velja þær heimildir sem henta verkefninu. Í verkefni 62 eiga nemendur að lesa heimild og setja sig inn í heim fólks eftir stríðið.

### **Hugmyndafræði**

Á bls. 138 koma aftur persónurnar sem kynna hugmyndafræðina. Nemendur eiga að reyna að geta sér til um hver þeirra sé líklegust til að hafa haldið fram ákveðnum staðhæfingum. Til að nemendur geti unnið þetta verkefni þurfa þeir að setja sig vel inn í hugmyndafræðina sem er kynnt í köflunum að framan.

### **Aukaverkefni**

#### **Dómínó – Stríðið sem kom við alla**

*Verkefnablað 24.* Sjá leiðbeiningar framar í kennsluleiðbeiningum.

## Hernámið

Verkefnablað 25. Hér eiga nemendur að raða atburðum í rétta tímaröð.

## Stríðið sem kom við alla

Verkefnablað 26. Hér gefst nemendum færi á að kanna kunnáttu sína úr kaflanum.

## Lögskilnaðarmenn og hraðskilnaðarmenn

Verkefnablað 27. Í þessu verkefni eiga nemendur að meta sjónarhorn lögskilnaðarmanna og hraðskilnaðarmanna í tengslum við sambandsplitin við Dani. Þetta efni hentar einnig vel til að láta nemendur æfa rökræður. Nemendum er skipt í tvær andstæðar fylkingar sem síðan ræða saman (í smærri hópum) og færa rök fyrir skoðun sinni. Markmiðið er að sem flestir í hópnum verði sammála um hvaða leið hefði átt að fara. Nauðsynlegt er að gefa nemendum tækifæri að leita sér frekari heimilda um efnið.

## Ástandið

Verkefnablað 28. Hernámið hafði mikil áhrif á þjóðlífið og strax frá fyrsta degi var farið að ræða um samskipti íslenskra kvenna og herliðsins, hið svokallaða „ástand“. Samskiptin féllu ekki vel í kramið hjá íslenskum karlmönnum og voru konurnar sem höfðu samskipti við setuliðið sakaðar um föðurlandssvik og vændi. Þær voru jafnvel kallaðar portkonur einungis ef þær sáust á tali við hermennina. Landlæknir fór í herferð gegn „ástandinu“ og lagði til að stúlkur á aldrinum 12–16 ára yrðu fluttar úr Reykjavík. Stjórnvöld reyndu að grípa inn í og skipuðu „ástandsnefnd“ sem átti að kanna stöðu mála. Niðurstöðurnar þóttu ískyggilegar og staðfestu „lágt siðferðisstig“ íslensku kvenþjóðarinnar. Þegar leið á stríðsárin dró úr þessari umræði og henni lauk að mestu eftir brottflutning hersins. Mikilvægt er að ræða það viðhorf sem ríkti í garð kvenna í allri umræðunni um „ástandið“. Var ástandið virkilega jafn slæmt og landlæknir lýsir? Eða var þetta blásið upp í umræðunni? Hver var þá ástæðan? Hverjir stjórnðu þjóðfélagsumræðunni á þessum tíma? Var rödd kvenna áberandi?

## Ítarefni fyrir kennara.

Bókin *Dagbók Önnu Frank* eftir Anne Frank. Bókin segir sögu um gyðinga í síðari heimsstyrjöldinni frá sjónarhorni ungrar gyðingastúlku.

Skáldsaga sem sýnir annað sjónarhorn er bókin og kvikmyndin *Strákurinn í röndóttum náttfötunum* eftir John Boyne sem fjallar um strák sem er sonur þýsks hermanna en verður vinur gyðings.

Bókin *Byr Íslendingur hér?* Minningar Leifs Müller, skráðar af Garðari Sverrissyni.

Mikið efni um seinni heimsstyrjöldina er að finna í heimildamyndaflokkunum *The World at War*. Þar er hægt að finna efni sem sýna má nemendum.

*Understanding the Holocaust* eftir Rex Bloomstein er áhrifamikil mynd sem sýnir útrýmingarþúðir nasista og skýrir bakgrunn útrýmingarinnar.

Önnur mynd er *Schindler's List* eftir Steven Spielberg sem fjallar um kaupþýslumanninn Oskar Schindler sem bjargaði yfir 1000 gyðingum frá útrýmingarþúðunum undir því yfirskeyni að hann þyrfti að nota þá sem vinnuafli í verksmiðjum sínum.

Kvikmyndin *The pianist* í leikstjórn Roman Polanski og kvikmyndin *The Boy in the Striped Pajamas* (2008) – í leikstjórn Mark Herman segja báðar frá lífi gyðinga í seinni heimsstyrjöldinni.

Vefur RÚV <http://servefir.ruv.is/her/> gefur góða mynd af hernáminu á Íslandi.

Vefurinn <http://archive.iwm.org.uk/upload/package/20/lifeinww2/index.htm> er breskur vefur sem leggur áherslu á hverdagslífið í síðari heimsstyrjöldinni.

BBC vefurinn [www.bbc.co.uk/history/worldwars/wwtwo/](http://www.bbc.co.uk/history/worldwars/wwtwo/) inniheldur mikið efni sem hægt er að nota í kennslu.

## Dómínó – Stríðið sem kom við alla

Bandamenn	Sameinuðu þjóðirnar	Að gefa eftir og viðurkenna að stríðið er tapað
Fyrsti framkvæmdarstjóri Sameinuðu þjóðanna	Forseti Bandaríkjanna í síðari heimsstyrjöldinni	Bretland, Bandaríkin, Frakkland og Sovétríkin

Trygve Lie	Franklin D. Roosevelt	Þýskaland, Japan og Ítalía
Öxulveldin	Skipalest	Brot á alþjóðareglum um hvað sé leyfilegt í stríði

Mörg skip sem sigla saman og eru varin af herskipi	Stríðsglæpir	Winston Churchill
Forsætisráðherra Breta í seinni heimsstyrjöldinni	Hernám	Árásin á Pearl Harbour

Þegar ríki fer inn í annað ríki með her og yfirtekur stjórn landsins með valdi	Japanskar sprengjuflugvélar réðust á bandaríska Kyrrahafsflotann	Nagasaki og Hiroshima
Gefast upp	Japönsku borgirnar tvær sem Bandaríkjamenn vörpuðu á kjarnorkusprengrum	Alþjóðleg samtök sem voru stofnuð 1945 með það markmið að tryggja frið í heiminum



## Stríðið sem kom við alla

Settu atburðina í rétta tímaröð, einn bókstaf í hvern reit. Ekki á að nota alla bókstafina.

--	--	--	--	--	--	--	--

- a. Bretar hernema Ísland
- b. Hermann Jónasson forsætisráðherra flytur ávarp í sjónvarpinu
- c. Þjóðverjar hernema Danmörk
- d. Fyrsti forseti Íslands kjörinn
- e. Landlæknir skipar „ástandsnefnd“
- f. Bandarískur her tekur að sér varnir Íslands
- g. Þjóðverjar ráðast inn í Pólland
- h. Íslenskir ritstjórar og blaðamaður handteknir og settir í fangelsi í London
- i. Þjóðaratkvæðagreiðsla um sambandsslit við Dani.
- j. Þjóðverjar senda sprengiflugvélar til Íslands
- k. Íslenska ríkið lýsir yfir hlutleysi
- l. Kreppan berst til Íslands
- m. Kjarnorkusprengju varpað á Hiroshima
- n. Herlið Bandaríkjamanna yfirgefur Ísland

## Stríðið sem kom við alla

Notaðu töfluna hér fyrir neðan til að prófa kunnáttu þína úr kaflanum. Vinnið í þorum. Veljið spurningar úr hverjum flokki og hvaða þyngdarstigi þið ætlið að svara. Erfiðustu spurningarnar gefa flest stig. Þegar öllum spurningunum sem þið völduð hefur verið svarað farið þið yfir svörin með hjálp námsbókar. **Fyrir rangt svar dragast 5 stig frá heildarstigafjölda í lokin.**

Efni	Gyðingar á Íslandi	Hernámið	Samskiptin við herinn	Sjálfstæði Íslendinga
<b>Þyngdarstig 1</b> 10 stig	Hver var Leifur Müller?	Hvenær var Ísland hernumið?	Hvers vegna breyttist atvinnuástandið á Íslandi með tilkomu hersins?	Hvenær slitu Íslendingar sambandinu við Dani?
<b>Þyngdarstig 2</b> 20 stig	Hvers vegna var umsókn um gyðinga um landvistarleyfi á Íslandi hafnað?	Hver var forsætisráðherra Íslands þegar landið var hernumið?	Hvað var „ástandið“?	Hve mörg prósent þjóðarinnar samþykktu sambands slitin við Dani?
<b>Þyngdarstig 3</b> 30 stig	Hver voru hjónin Hans og Olga Rottweiler?	Hvað var her Bandaríkjamanna stór þegar hann kom til landsins?	Hve margir Íslendingar létust hér heima og erlendis af beinum hernaðarvöldum?	Hver var kjörinn fyrsti forseti Íslands?
<b>Þyngdarstig 4</b> 40 stig	Hvað var keypt af þýska sendiráðinu á Íslandi þann 20. apríl 1940?	Hvaða landshluti var hernaðarlega mikilvægastur á Íslandi?	Hvar var hælið fyrir ungar stúlkur sem þóttu hafa lent illa í ástandinu?	Hvað er Lögberg?

## Lögskilnaðarmenn og hraðskilnaðarmenn

### Hvað bar á milli 1944?

Lýðveldi Íslands var stofnað á stríðsárunum þann 17. júní 1944. En það voru ekki allir sammála um hvaða leið skyldi fara í sambandslitum við Dani og olli það miklum deilum. Sambandið við Dani hafði rofnað eftir að Þjóðverjar hertóku Danmörk í apríl 1940. Í sambandslögunum frá 1918 var kveðið á um að segja mætti samningnum upp árið 1943 eftir samningaviðræður. En vandamálið var að ekki var hægt að semja við Dani þar sem þeir voru einangraðir eftir hernám Þjóðverja. Tvö sjónarmið voru ríkjandi á Íslandi um hvaða leið skyldi farin.

*Hraðskilnaðarmenn:* Þeir héldu því fram að samningurinn við Dani væri fallinn úr gildi þar sem Danir gætu ekki staðið við skyldur sínar samkvæmt sambandslögunum. Það væri því ekkert því til fyrirstöðu að fella samningana úr gildi og stofna lýðveldi sem fyrst.

*Lögskilnaðarmenn:* Vildu bíða með lýðveldisstofnun þangað til að stríðinu væri lokið og hægt væri að taka upp viðræður við Dani. Þeir vildu bíða þar til þjóðirnar gætu báðar í fullu frelsi tekið upp samninga um viðskilnaðinn.

Niðurstaðan varð málamiðlun. Konungssambandinu við Dani var ekki slitið fyrr en eftir árslok 1943, þegar það var heimilt samkvæmt samningnum frá 1918. En ekki var berið eftir því að Danir yrðu frjálsir til að geta samið um málið. Þá lögðu lögskilnaðarmenn niður baráttu sína gegn sambandslitunum. Þjóðaratkvæðagreiðsla var haldin um málið í maí 1944 og niðurstaðan var að 97% vildu aðskilnað.

1. Hvaða skoðun hefur þú á þessu máli?
2. Hvers vegna ætli þetta hafi orðið svona mikið deilumál?
3. Hefði verið hægt að fara einhverja allt aðra leið?
4. Hvers vegna lá Íslendingum svona mikið á að stofna lýðveldi?
5. Hver er munurinn á sjálfstæði og fullveldi?

## Ástandið

Ástandið er orð sem haft er um þau áhrif sem íslenskir karlmenn töldu að herseta Breta og Bandaríkjamanna hefðu haft á íslenskt kvenfólk. Á meðan hæst stóð slagaði fjöldi erlendra hermanna á Íslandi hátt upp í fjölda íslenskra karlmannna. Hinn 11. júlí 1941 ritaði landlæknir bréf til dómsmálaráðuneytisins sem fallar um saurlífnað í Reykjavík og stúlkubörn á glapstígum. Í bréfi þessu segir meðal annars:<sup>9</sup>

„Við höfum til skamms tíma stært okkur af því, Íslendingar, að hér á landi mætti heita, að enginn saurlífnaður væri stundaður í atvinnuskyni (prostituton). Þessu mun því miður ekki vera lengur að heilsa. Mun hvortvegja hafa átt sér stað, að dvöl hins fjölmenna erlenda setuliðs í höfuðstaðnum hafi leitt, í ljós, hvernig ástandið var að þessu leyti og valdið því, að stórum hefir aukist á ósómam. Athuganir þær, er lögreglan í Reykjavík hefir látið framkvæma og ég hefi átt kost á að kynna mér að nokkru, hafa flett ofan af svo geigvænlegum staðreyndum um þessi mál, að ekki má kyrrt vera. Er það sök fyrir sig, að hér er nú vitað um kvenfólk í tugatali á lægsta þrepi skækjulífnaðar, svo og það, að ótrúlegur fjöldi annarra fullorðinna kvenna í ýmsum stéttum virðist lifa svo menningarlausu léttúdarlífi, að furðu gegnir. Hitt er viðbjóðlegast, ef niðurstöður lögreglunnar um það eru á rökum reistar „að ólífnaður stúlkubarna á aldrinum 12—16 ára, og jafnvel yngri sé svo almennur orðinn og breiðist svo ört út, að ekkert heimili frá hinum aumustu til hinna best settu geti talið sig öruggt öllu lengur“. Hinn 29. júlí þ. á. skipaði dómsmálaráðuneytið þriggja manna nefnd, til þess, að rannsaka siðferðileg vandamál, sem upp hafa komið í sambandi við sambúð hins erlenda setuliðs og landsmanna í því skyni, að tilraun verði gerð til þess að finna einhverja lausn þeirra“. ... Hefur lögreglan nú skrásett nöfn yfir 500 kvenna, sem hún telur, að hafi mjög nán afskipti af setuliðinu.

Konur þessar eru á aldrinum 12—61 árs ...Alls eru hér taldar 456 konur. Af tölum þeim, sem fram koma í þessari skýrslu, verður auðvitað ekki ljóst á hvaða siðferðisstigi þær konur eru, sem umgangast setuliðið að staðaldri. Það má ganga að því vísu, að í mörgum tilfellum telji stúlkurnar sig trúlofaðar setluliðsmönnum og hafi aðeins afskipti af einum. Þó að í því felist í flestum tilfellum lítið öryggi fyrir framtíð stúlkanna, geta slík sambönd verið jafn skiljanleg og átt jafn mikinn rétt á sér og samskonar sambönd íslenskra kvenna og íslenskra karla».

<sup>9</sup> Alþýðublaðið, 22. árg. 199. tölublað (27.08.1941) bls. 1–2.

## Ástandið

1. Hvernig upplifir þú að samskiptin hafi verið milli íslenskra kvenna og hermanna setuliðsins eftir lestur þessarar greinar?

---

---

---

2. Hvaða viðhorf hefur landlæknir til kvenna sem hafa samskipti við hermenn samkvæmt þessari grein?

---

---

3. Ríkisstjórnin taldi að hún þyrfti að bregðast við ástandinu og ein hugmyndin var að herstjórnin myndi flytja inn vændiskonur fyrir lið sitt. Hvað finnst þér um þá hugmynd? Hvaða viðhorf til kvenna birtist í þeirri hugmynd?

---

---

---

4. Árið 1941 var lagt fram frumvarp á Alþingi til að bregðast við ástandinu. Þar var lagt til að stofnaður skyldi unglíngadómsstóll sem myndi dæma í málum barna yngri en 18 ára sem sökuð væru til dæmis um lauslæti, drykkjuskap og slæpingshátt og væri þá hægt að senda þau í vist á hælum sem ríkisstjórnin ætlaði að koma á fót. Hvað finnst þér um þá lausn? Hvernig þætti þér ef þetta væri í lögum í dag?

---

---

---

---